



Reiðstígar – gerð og uppbygging



Vegagerðin og Landssamband hestamannafélaga
Apríl 2022

Leiðbeiningar

2. Útgáfa, apríl 2022

Eftirfarandi vinnuhópur vann að endurskoðun fyrri útgáfu:

- Haraldur Sigursteinsson
Vegagerðin
- Halldór H. Halldórsson
Reiðvega- og samgöngu-
nefnd LH
- Sæmundur Eiríksson
Reiðvega- og samgöngu-
nefnd LH
- Katrín Halldórsdóttir,
Vegagerðin
- Margrét Ósk Aronsdóttir
Vegagerðin
- Erna Bára Hreinsdóttir
Vegagerðin
- Pétur Örn Sverrisson
Hestamannaf. Sprettur

Yfirfarið og samþykkt

Vegagerðin:

- Stefán Erlendsson,
- Pálmi Þór Sævarsson

LH:

- Reiðvega- og samgöngunefnd
- Ferða- og öryggisnefnd

1. Útgáfa, janúar 2006

Eftirfarandi vinnuhópur var settur um verkefnið:

- Ásgeir Margeirsson,
Mannvirkjanefnd LH
- Bjarni Bragason, Vegagerðin
Sauðárkróki
- Haraldur Sigursteinsson,
Vegagerðin Reykjavík
- Ólafur Jónsson, Ferða- og
samgöngunefnd LH
- Sigríður Sigþórsdóttir, Ferða-
og samgöngunefnd LH

Auk vinnuhópsins komu að verkefninu:

- Halldór H. Halldórsson,
Reiðveganefnd
Kjalarnesþings hins forna
- Magnús Ólason,
reiðveganefnd Sleipnis,
Selfossi
- Matthildur Kr. Elmarsdóttir,
Skipulagsstofnun
- Sigurrós Friðriksdóttir,
Umhverfisstofnun
- Stefán Erlendsson,
Vegagerðin Reykjavík

Reiðstígar - gerð og uppbygging

Leiðbeiningar

LEI-3313, Önnur útgáfa, apríl 2022

Fyrsta útgáfa, janúar 2006

REIÐVEGIR

Gerð og uppbygging

Leiðbeiningar

Útgefið fyrst í mars 2003

Kynningarútgáfa

Vegagerðin

Suðurhraun 3
210 Garðabæ

og

Landssamband hestamannafélaga

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
104 Reykjavík

2. útgáfa rafræn

Forsíðumynd RAX

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	5
Inngangur fyrstu útgáfu.....	5
1. REIÐLEIÐIR OG HESTAUMFERÐ	6
1.1 Flokkun hestaumferðar	6
1.2 Flokkun reiðleiða.....	7
2. SKIPULAG	8
2.1 Almenn lýsing	8
2.2 Svæðisskipulag.....	9
2.3 Aðalskipulag.....	9
2.4 Deiliskipulag.....	9
3. KORTASJÁ - REIÐLEIÐASKRÁ	10
3.1 Skráning reiðleiða í kortasjá.....	10
3.2 Kortasjá.....	10
4. HÖNNUN REIÐSTÍGA	11
4.1 Nábyli reiðstíga og þéttbylis.....	11
4.2 Lýsing og sjónlengdir.....	13
5. GERÐ OG UPPBYGGING REIÐSTÍGA	14
5.1 Gerð reiðstíga	14
5.2 Uppbygging reiðstíga.....	14
5.3 Flokkun jarðefna.....	15
6. KENNISNIÐ OG RÝMI	18
6.1 Kennisnið reiðstíga.....	18
6.2 Öryggissvæði vega	20
6.3 Öryggissvæði reiðstíga.....	21
6.4 Þverun vega, gatna og stíga	22
6.5 Reiðgöng.....	24
6.6 Reiðbrýr	28
6.7 Öryggisgrindur á reiðbrúm og við djúp gil.....	30
7. ÁNINGARSTAÐIR OG MERKINGAR	32
7.1 Áningarhólf.....	33
7.2 Merkingar.....	34
7.3 Merkingar við áningarstaði	36

8. KOSTNAÐUR	37
8.1 Kostnaðaráætlun.....	37
8.2 Fjármögnun reiðstígagerðar.....	38
9. FRAMKVÆMDIR	40
9.1 Eigin framkvæmd.....	41
9.2 Útboð.....	41
9.3 Framkvæmdir – útfærslumöguleikar.....	43
9.4 Eftirlit og úttekt	45
10. LAGAÁKVÆÐI.....	46
10.1 Um reiðstíga og hestaumferð	46
10.2 Flokkun vega samkvæmt vegalögum.....	46
10.3 Girðingarlög.....	46
10.4 Umferðarlög.....	47
10.5 Lög um náttúruvernd.....	48
10.6 Staða reiðstíga í skipulagi.....	49
10.7 Lög um menningarminjar	49
10.8 Hæstaréttardómar	49
11. GÁTLISTAR	50
11.1 Undirbúningsatriði.....	50
11.2 Framkvæmdaratriði.....	51
12. FRAMKVÆMDASKÝRSLA	51

FYLGISKJÖL

F1	Umferðar- og umgengisreglur fyrir hestamenn.....	52
F2	Sáttmáli hestamanna og annarra vegfarenda	54
F3	Skipurit Reiðvega- og samgöngunefndar LH.....	56
F4	Starfslýsing fyrir reiðveganefndir landsvæða	57
F5	Samkomulag Vegagerðarinnar og LH	58
F6	Athugasemdir við skipulag.....	59
F7	Dæmi um útboð.....	60
F8	Dæmi um verksamning.....	61
F9	Umsóknir um reiðstígafé - reiknivél.....	62
F10	Skýringar við umsóknir um reiðstígafé	63
F11	Framkvæmdaskýrsla – skilagrein í Kortasjá	64
F12	Athugasemdir og Tilvísanir.....	65

Leiðbeiningar um reiðleiðir, gerð og uppbyggingu reiðstíga

INNGANGUR

Útgáfa þessi er endurskoðun og uppfærsla fyrstu útgáfu sem gefin var út 2006. Tilgangur og markmið eru hin sömu og koma fram í fyrstu útgáfu en sú breyting varð á skilgreiningu eða nafngift í endurskoðun Vegalaga 2007 að þar eru reiðvegir skilgreindir með almennum stígum og nefndir eftir það reiðstígar í lögnum og gögnum Vegagerðarinnar.

Inngangur fyrstu útgáfu

Mikilvægt er að reiðvegir verði skilgreindir líkt og önnur vegakerfi á Íslandi. Reiðvegakerfið skal fela í sér skilgreiningar á reiðvegum sem tengja byggðir og tryggja aðgengi hestamanna að náttúru landsins til jafns við aðra og í sátt við umhverfið, landeigendur og aðra útivistarhópa.

Leiðbeiningum þessum er ætlað að auðvelda skipulags- og framkvæmdaraðilum gerð reiðvega á öllu landinu. Þær eru til almennra viðmiðana og leiðbeinandi fyrir sveitarfélög, landeigendur, skipulagsfræðinga, Vegagerðina og forsvarsmenn hestamanna við skipulagsvinnu og gerð reiðvega. Leiðbeiningar þessar hafa ekki gildi staðals eða reglugerðar.

Í ofangreindum tilgangi eru reiðvegir flokkaðir með tilliti til eðlis og umferðarþunga. Hafa ber í huga að reiðvegur eða ein reiðleið milli staða getur talist til allra þeirra flokka sem um ræðir, allt frá götuslóða í náttúrulegu umhverfi, sem er eingöngu notaður að sumarlagi, að uppbyggðum heilsársreiðvegi um útivistarsvæði í þéttbýli með miklum umferðarþunga. Aðskilnaður hesta og annarrar umferðar er mjög æskilegur en þar sem því verður ekki við komið verður að leggja áherslu á öryggisþátt vegfarenda og tryggja að allir geti verið saman í sátt.

Reiðvegur í náttúrulegu umhverfi, í fjarlægð frá akvegum og annarri umferð, sem gerður er með lágmarksframkvæmdum og umróti á landinu sem farið er um, er reiðleiðin sem flestir íslenskir hestamenn sækjast eftir og einnig erlendir ferðamenn í mjög auknu mæli. Nú þegar hestamennskan og sögutengd ferðarþjónusta er vaxandi atvinnugrein er mikilvægt að huga vel að reiðleiðum og ekki síður þarf að huga að því að reiðleiðir hafi nafn og sögu. Það er von vinnuhópsins að hestamannafélögin taki vel á þessum þætti.

Leiðbeiningar þessar eru unnar í samvinnu Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðarinnar. Skipaður var vinnuhópur um verkefnið 2003 sem fékk í byrjun m.a. í veganestið nefndaálit tveggja nefnda sem samgönguráðherra skipaði 1998 og fjölluðu um reiðvegi. Í þessum nefndaálitum er lagður grunnur að flokkun og skráningu reiðvega og reiðleiða eins og hún kemur fram í þessu hefti.

Umferðarlög
nr. 77/2019

1. REIÐLEIÐIR OG HESTAUMFERÐ

Hugtakið reiðleið er hér notað um reiðstíga og slóða sem eru hluti af samhangandi kerfi reiðstíga og slóða. Er þá bæði átt við leið frá náttúrunnar hendi og manngerðan reiðstíg. Orðið reiðleið er því notað að jafnaði nema þegar kemur að framkvæmdinni, að leggja reiðstíg sbr. uppbyggður reiðstígur.

1.1 Flokkun hestaumferðar

Hestaumferð er skipt í þrjá flokka á grundvelli eðlis og umfangs hennar en undanskilinn er rekstur hrossa á afrétti og smölun þeirra.

Einstaklingsumferð, þar sem einn eða fáir hestamenn eru á ferð með fáa hesta og enga lausa.

Hesthúsaumferð, þ.e. umferð út frá hesthúsaumferðum þéttbýlisstaða. Umferð er oft allmikil og einstakir hestamenn með marga til reiðar, en ekki laus hross.

Hópferðir með laus hross. Hér er átt við hópaferðir þar sem oft eru fáir vanir hestamenn með hóp af lausum hrossum, með í för eru oft hópur af óvönum reiðmönnum. Athugið að rekstur lausra hrossa á vegi er bannaður í og við þéttbýli, nema að fengnu sérstöku leyfi lögreglustjóra sbr. 8 gr. Umferðarlaga nr. 77/2019.

Tafla 1-1 Flokkun hestaumferðar við akvegi.

Þjóðvegur / Reiðleið	Einstaklings- umferð	Hesthúsa- umferð	Hópferðir laus hross	Öryggissvæði, lágmarksfjarlægð frá brún akbrautar	Umferð á akvegi ADU
Stofnvegir 1	–	–	–	15	> 3000
Stofnvegir 2	0	0	–	10	301 - 3000
Stofnvegir 3	0	0	0	6	0 - 300
Tengivegir bs.	0	0	–	10	
Tengivegir ms.	+	+	+	6	
Landsvegir bs.	0	0	0	10	
Landsvegir ms.	+	+	+	6	

Sjá nánar um
[öryggissvæði vega](#)
á bls. 20

Skýringar við töflu:

ÁDU Ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið.

- Sé aðskilnaður minni en öryggssvæði vegarins má reiðleið ekki vera við hlið vegar án hindrunar.
- 0 Reiðleið má vera við hlið vegar án girðingar eða hindrunar.
- +
- bs. Bundið slitlag.
- ms. Malarslitlag.

1.2 Flokkun reiðleiða

Reiðleiðir eru flokkaðar í þrjá meginflokka eftir hlutverki þeirra.

Stofnleiðir

Aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.

Almennar reiðleiðir eru oft meðfram þjóðvegum. Æskilegt er að færa reiðleiðir fjær vegum þar sem því verður við komið. Á þessum leiðum er öll hestaumferð fyrir hendi, allt frá einstaklingsumferð upp í stóra hópa með rekstur lausra hrossa.

Gott pláss er fyrir reiðmann með þrjá til reiðar. Við mætingar er gert ráð fyrir að annar reiðmaðurinn geti vikið út fyrir stíg. Uppbygging miðast við að umferð sé aðallega eftir að jarðvegur hefur þornað, vor og sumar, sjá nánar um mismunandi gerðir stíga í kafla 5.

Þéttbýlisleiðir

Leiðir í næsta nágrenni við þéttbýli, þ.m.t. leiðir á milli hesthúsahverfa og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Rekstur lausra hrossa er almennt bannaður, öll önnur umferð fyrir hendi.

Gert er ráð fyrir að tveir reiðmenn geti auðveldlega mæst þótt hvor um sig sé með tvo hesta til reiðar. Uppbygging miðast við að mikil umferð sé um vetur og vormánuði þegar frost er að fara úr jörðu. Gert er ráð fyrir að hægt sé að fara um stíginn með tækjum vegna snjóruðnings og annarrar þjónustu.

Héraðsleiðir

Tengingar milli bæja, fornar leiðir og slóðar, sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.

Aðrar reiðleiðir, minniháttar hestaumferð innan héraðs, einstaklingsumferð. Pláss sé fyrir reiðmann með þrjá til reiðar. Við mætingar er gert ráð fyrir að annar reiðmaðurinn geti vikið út fyrir stíg. Gert er ráð fyrir vor- og sumarumferð eftir að jarðvegur hefur þornað eftir vorleysingar.



Mynd 1-1 Vinsæl reiðleið á Þjórsárbökkum sem er aðeins slóð í landinu.

Skipulagsstofnun

Á heimasíðunni er hægt að nálgast leiðbeiningarblöð og ýmsar upplýsingar um skipulagsmál, sjá nánar:

www.skipulag.is

Lýsing fyrir skipulagsáætlun

[Sjá nánar hér](#)

Skipulagslög
[nr. 123/2010](#)

Skipulagsreglugerð
[nr. 90/2013](#)

Vegalög
[nr. 80/2007](#)

2. SKIPULAG

2.1 Lýsing fyrir skipulagsáætlun

Þegar hafin er vinna við gerð svæðisskipulags- eða aðalskipulagstillögu, þarf sveitarstjórn að taka saman lýsingu á verkefninu og kynna fyrir Skipulagsstofnun, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum. Lýsing er eins konar verkáætlun um mótun tillögu að verulegri breytingu eða endurskoðun á gildandi skipulagi þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar dregnar fram.

Gerð lýsingar getur átt við á öllum skipulagsstigum. Skýlt er að vinna lýsingu fyrir nýjar svæðis- og aðalskipulagsáætlanir, endurskoðun og verulegar breytingar á þeim. Ekki er gert ráð fyrir að unnin sé lýsing fyrir óverulega breytingu á aðalskipulagi. Vinna þarf lýsingu fyrir nýtt deiliskipulag með þeirri undantekningu að liggi allar meginforsendur fyrir í aðalskipulagi, eða í tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhliða, er heimilt að falla frá gerð lýsingar. Einnig er heimilt að falla frá gerð lýsingar vegna breytinga á deiliskipulagi. Þó er mikilvægt að vinna og kynna lýsingu þegar um viðamikla breytingu er að ræða. Lýsing skal unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

2.1 Almenn lýsing

Sveitarfélög á hverjum stað eru ákvörðunaraðilar um ráðstöfun lands, þ.m.t. legu reiðstíga. Allt landið er skipulagsskýlt skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Til að unnt sé að ná fram heildstæðu kerfi reiðleiða á Íslandi er nauðsynlegt að til sé áætlun um reiðleiðir í hverju sveitarfélagi, sem tekið yrði mið af við ákvarðanatöku.

Í vegalögum nr. 80/2007 segir að í samgönguáætlun sé heimilt að veita fé til almennra reiðstíga samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög. Nauðsynlegt er að tryggja þessa aðkomu þannig að samhengi verði á milli áætlana um reiðstíga og skipulagsáætlana sveitarfélaga.

Ef þetta samhengi á að nást er nauðsynlegt að lega reiðstíga og flokkun þeirra sé ákveðin í skipulagi. Það skal haft í huga að reiðstígafé er einungis úthlutað til lagninga reiðstíga sem eru samþykktir í skipulagi viðkomandi sveitarfélaga.

Reiðvega- og samgöngunefnd LH hefur m.a. það hlutverk að tryggja að fylgst sé með skipulagsvinnu, á öllum stigum sem er í vinnslu hverju sinni og gæta hagsmuna hestamanna. Æskilegt er að fulltrúar hestamanna komi að skipulagsvinnu þegar á frumstigi.

Fylgjast þarf með skipulagsvinnu á öllum skipulagsstigum. Reiðstígar á svæðis- og aðalskipulagsupprætti tryggja ekki rétt til umferðar ríðandi um landið sem þeir eru sýndir á og er algengt að breytingar séu gerðar á legu við gerð deiliskipulags.

Umhverfisstofnun

Heimasíða
er á slóðinni
www.ust.is

Skipulagslög
[nr. 123/2010](#)

Skipulagsreglugerð
[nr. 90/2013](#)

Athugið að leyfi Umhverfisstofnunar þarf ef um er að ræða gerð reiðstíga eða áningarhólfa innan friðlýstra svæða skv. 68. gr. laga um náttúruvernd.

Samráð skal haft við Umhverfisstofnun (leita skal umsagnar) ef um er að ræða önnur svæði á náttúruminjasrá eða hættu á röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Lög um náttúruvernd
[nr. 60/2013](#)

ATH. Í bráðabirgða ákvæðum Skipulagslaga er fjallað um leyfi til framkvæmda án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag.

[Sjá Skipulagslög](#)

Sveitafélögum er skylt að kynna skipulagsáætlanir og breytingar á þeim skv. skipulagslögum (nr. 123/2010) og skipulagsreglugerð (nr. 90/2013). Brýnt er að fulltrúar hestamannafélaga kynni sér tillögur sveitastjórna og geri við þær athugasemdir ef þurfa þykir.

Hafa ber þó í huga að „*óverulegar breytingar*“ á skipulagi hljóta ekki sömu meðferð og ný skipulagsáætlun, sjá leiðbeiningablöð Skipulagsstofnunar um breytingar á svæðis-, aðal- og deiliskipulagi.

2.2 Svæðisskipulag

Í svæðisskipulagi er æskilegt að samvinnunefndir marki stefnu um stofn- og þéttbýlisleiðir sem liggja milli sveitarfélaga. Hægt er að marka stefnu um aðrar reiðleiðir eftir því sem ástæða þykir til.

Þar sem land er viðkvæmt fyrir umferð stærri hestahópa eða þar sem huga þarf sérstaklega að öryggismálum t.d. vegna bílaumferðar er æskilegt að áningarstöðum sé þegar gerð skil á þessu skipulagsstigi, þar sem leyfisskyldar framkvæmdir eru fyrirsjáanlegar. Stefnu um áningarstaði er ýmist hægt að setja fram með því að skilgreina svæði (opin svæði til sérstakra nota) fyrir þá á skipulagsuppdrætti eða setja reglur í skipulagsgreinargerð um hvaða landnotkunarflokkum slík notkun samræmist og við hvaða aðstæður hún sé heimil eða ekki heimil.

Við ákvörðun um staðsetningu áningarhólfa á svæðum sem falla undir lög um náttúruvernd, s.s. friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá og svæði sem njóta verndar skv. 37. gr. laganna skal haft samráð við Umhverfisstofnun.

2.3 Aðalskipulag


Í aðalskipulagi skal marka stefnu um meginreiðleiðir innan sveitarfélags, þ.e. stofn- og þéttbýlisleiðir og undirgöng vegna þeirra. Hægt er að marka stefnu um áningarstaði, ýmist með því að skilgreina svæði (opin svæði til sérstakra nota) fyrir þá á skipulagsuppdrætti eða setja reglur í skipulagsgreinargerð um hvaða landnotkunarflokkum slík notkun samræmist og við hvaða aðstæður hún er heimil eða ekki heimil. Reiðleiðir skulu flokkaðar m.t.t. umferðarþunga, gerðar lands o.s.frv.

2.4 Deiliskipulag

Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir öllum flokkum reiðleiða, stofn-, þéttbýlis- og héraðsleiðum, eftir því sem við á. Þar skal gera grein fyrir legu og breidd reiðleiða og staðsetningu og gerð áningarhólfa.



Kortasjá, reiðleiðir og áningarstaðir. Sjá www.map.is/lh



Valmynd á forsíðu Kortasjár LH

- Friðuð svæði
- Framkvæmdir
- Skálar-þjónusta
- Skipulagðar reiðleiðir
- Reiðleiðir
- Ljósmyndir

- Reiðvega umsóknir
- Teikna Reiðveg

3. KORTASJÁ - REIÐLEIÐASKRÁ

3.1 Skráning reiðleiða í kortasjá

Á vegum Landssambands hestamannafélaga og í samvinnu við Vega-gerðina hefur verið unnið að skráningu reiðleiða á öllu landinu frá árinu 2007. Reiðleiðir eru unnar ofan á loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf og eru settar inn í kortasjá sem er öllum opin, sjá mynd 3-1.

Allar upplýsingar um hverja reiðleið eru skráðar inn í gagnagrunn kortasjár og safnast þar saman í reiðleiðaskrá sem notuð er þegar sótt er um reiðstígafé til Reiðvega- og samgöngunefndar LH. Reiðleiðaskrá er


Reiðleiðir eru flokkaðar samkvæmt kafla 1.2 hér að framan, einnig að reiðleið verði í framtíðinni. Sjá nánar um flokkun á bls. 61, Skýringar við umsóknir um reiðstígafé.

3.2 Kortasjá

Hægt að fara inn á kortasjá eftir nokkrum leiðum, um heimasíðu LH, www.lhhestar.is og smella á flipa hægra megin á síðunni.

Einnig er hægt að fara inn á kortasjá um tengla sem er að finna á heimasíðum flestra hestamannafélaga með slóð beint inn á kortasjána.

Markmiðið er að til verði samræmd skrá um reiðleiðir á öllu landinu og að þessi reiðleiðaskrá verði í samræmi við skipulag á hverjum stað. Einnig er stefnt að því að skrá inn gamlar þjóðleiðir en hluti þeirra kemur fram á aðalskipulagi sveitarfélaga.



Mynd 3-1 Yfirlitskort úr Kortasjá, reiðleiðir og áningarstaðir. Val er um birtingu mismunandi valkosta í kortasjá, sjá nánar í leiðbeiningum Kortasjár.

Höfum hugfast að óspillt land er eitt af því sem hestamenn dá mest á ferðalögum.

Ýmiss konar votlendi, þ.m.t. mýrlendi, vötn, fjörur og grunnsævi, er afar mikilvægt hér á landi vegna þess lífríkis sem það framfleytir.

Óraskað eða lítt raskað votlendi á Íslandi er talið hafa hátt verndargildi og lögð á það rík áhersla að votlendissvæðum verði ekki raskað frekar en orðið er.

Sýnum gagnkvæma virðingu

Tökum tillit til annarra vegfarenda

og

aðrir vegfarendur taki tillit til okkar.

4. HÖNNUN REIÐSTÍGA

Þegar kemur að hönnun reiðstíga er fyrst hugað að legu þeirra og umhverfi. Reiðstíga þarf að fella að svipmóti lands umhverfis þá og gildir það jafnt um reiðstíga utan sem innan þéttbýlis. Reiðleið utan þéttbýlis getur verið reiðstígur eða slóð í landinu. Öryggi ríðandi skal haft að leiðarljósi með því að forðast skertar sjónlengdir, tryggja skal svæði umhverfis reiðleið og huga að samspili við aðra umferð.

Við hönnun reiðstíga innan þéttbýlis verður að huga sérstaklega vel að umhverfinu, forðast blind horn og þveranir og ávallt hafa það hugfast að hross geta rásað af leið ef þau hræðast. Það er þess vegna mikilvægt að tryggja sjónlengdir og forðast þveranir.



Hér er ekki þörf á uppbyggðum reiðvegi en það er einnig augljóst að það væri auðvelt að spilla landinu þó um sé að ræða sanda og mela ef ekki er farið eftir ákveðinni slóð.

*Mynd 4-1, ferð á fjöllum.
Mynd Sigríður Sigþórsdóttir.*

Sandar og melar eru viðkvæmir fyrir átroðningi og lítið er eftir af óspilltu votlendi á Íslandi, það er því full ástæða til þess að vanda valið þegar reiðleið er valin eða reiðstígastæði ákveðið.

Uppbyggður reiðstígur, þ.e. reiðstígur sem liggur hærra en landið umhverfis hann, getur verið áberandi og til lýta í landi, s.s. þegar um er að ræða reiðstígagerð í hrauni, ekki síst þegar litur efnisins sem notað er í reiðstíginn sker sig úr umhverfinu.

Reiðleið í þéttbýli er malarlagður stígur sem þarf að falla vel að umhverfinu. Allur frágangur á fláum og nánasta umhverfi reiðstígsins er hluti af framkvæmdinni. Ganga skal þannig frá fláum að þeir séu formaðir sléttir og tengi saman reiðstíg við umhverfið. Gæta þarf sérstaklega að nálægð við hindranir, einnig nálægð og skörun við aðra umferð.

4.1 Nábýli reiðstíga og þéttbýlis

Í gegnum tíðina hefur verið algengt að skipuleggja hesthúsahverfi í útjaðri þéttbýliskjarna þar sem rými var nægt og aðkoma reiðmanna auðveld til og frá svæðunum. Hesthúsasvæðum er oft gefið nafn í samræmi við staðsetningu sbr. Heimsendasvæðið í Kópavogi, en eins og með heimsbyggðina forðum þá hafa einkennandi svæðismörk tekið miklum breytingum og íbúðabyggð nálgast nú óðum hesthúsasvæði og reiðstíga.

Við alla skipulagsvinnu í námunda við hesthúsasvæði og reiðstíga í þéttbýli verður að taka tillit til þeirra sem fyrir eru. Hafa verður í huga að hross geta auðveldlega fælst við snöggar hreyfingar frá aðliggjandi umferð. Hross hræðast reiðhjól og fælast oft þegar þau mæta gangandi vegfarendum sem t.d. geta verið með barnavagna, snjósleða eða bara í flaksandi flíkum.

Hross eru í eðli sínu flóttadýr og ekki er alltaf hægt að sjá fyrir hvernig þau bregðast við ef þau verða fyrir truflun. Það er full ástæða til þess að forðast, eins og hægt er, skörun og nálgun reiðstíga við aðra umferð.

Öryggi vegfarenda á hestúsasvæðum

Innan öryggissvæðis vega skulu ekki vera hættur s.s. hættulegar hindranir eða bratti meiri en 1:3.

Ójafna sem mælist hærrí en 0,2 m mæld með 3ja m réttsskeið í akstursstefnu telst hættuleg hindrun.

Gilda sömu reglur um öryggissvæði vega og stíga?

Hvert er öryggissvæði reiðstíga?

Hvað má vera á öryggissvæði reiðstíga?

Hvað með öryggi reiðmanna og annarra vegfarenda á hestúsasvæðum?

Sjá kafla um öryggissvæði á [bls. 20 og 21](#)



Mynd 4-7 Upplýsingaskilti við aðkomu að félagssvæði Spretts í Garðabæ.

Þar sem ekki verður hjá því komist að leiðir liggi samhliða eða skarast verður að huga vel að merkingum og hvað hægt er að gera til að tryggja öryggi allra vegfarenda.

Það er ekki sama hvers konar hindrun er til staðar þegar metin er rýmisþörf reiðstíga, það er ekki sama hvort hindrunin er stórgrýti, trjágróður eða umferðaskilti, sem jafnvel er sett í höfuðhæð reiðmanns.



Mynd 4-2 Skerma mætti hestúsasvæði og reiðleiðir frá annarri byggð og umferð með lágum jarðvegsgörðum með trjám og runnagróðri.

Hvernig er hægt að aðlaga reiðstíga og umhverfi að breyttu skipulagi þéttbýlissvæða, er hægt að færa reiðleiðina eða skerma hana frá þéttbýlinu t.d. með gróðri eða annari landmótun?

Innkomuðlið að hestúsasvæðum og upplýsingaskilti



Mynd 4-3 Aðkoma að félagssvæði Spretts frá Garðabæ

Þegar komið er inn á skipulögð hestúsasvæði er æskilegt að vekja athygli vegfarenda á breyttum aðstæðum með því að setja upp viðeigandi aðkomumerkingar.



Mynd 4-5 Aðkoma að félagssvæði Spretts frá Kópavogi

Upplýsingaskilti þar sem vakin er athygli á félagsvæði hestamanna og helstu umgengnisreglum. Auk skilta með breyttum hraðatakmarkunum, yfirleitt hámark 30 km.



Mynd 4-6 Aðkoma að félagssvæði Fáks í Víðidal

Innkoma að hestúsasvæði Fáks, viðvörðunarkerki fyrir fyrstu þverun og hraðinn tekinn niður í 30 km þegar komið er inn á afmörkuð svæði hestúsaþýggðarinnar.

Leiðbeiningarit um
veglýsingu utan þéttbýlis,
gefin út af Vegagerðinni
árið 2009

[Leiðbeiningar um
veglýsingu utan þéttbýlis.](#)

4.2 Lýsing og sjónlengdir

Það færirst mjög í vöxt að ýmsir göngu-, hlaupa- og hjólahópar eru á ferðinni þar sem áður voru eingöngu einstaka reiðmenn í úthverfum þéttbýlisins. Mikil aukning í iðkun fólks á mörgum sviðum útiveru og þá sérstaklega í skammdeginu í úthverfum þéttbýliskjarna, kallar á aukna tillitsemi allra aðila og bætta aðstæður til að tryggja öryggi.

Lýsing, sjónlengdir og umhverfi eru mikilvægir þættir í að skapa öruggt umhverfi allra vegfarenda. Gæta þarf sérstaklega að útfærslu við þveranir þar sem skarast umferð hinna ýmsu hópa sem og við allar breytingar á aðstæðum t.d. í og við undirgöng, brýr og gatnamót.

Lýsing var áður talinn dýr valkostur og almennt ekki í boði fyrir úti-vistarfólk. Nú eru hinsvegar breyttir tímar, aukin umferð, nýr og sparneytinn búnaður og snjallstýring ljósa sem býður upp á hagkvæmari rekstur.

Þéttbýli

Í riti *Vegagerðarinnar um veglýsingu utan þéttbýlis* segir m.a. að í þéttbýli skuli lýsa m.t.t. fótgangandi og hjólandi vegfarenda. Ekki er fjallað um reiðstíga en draga má þær ályktanir að þeir falli undir sambærilega flokkun og aðrir stígar.

- Reiðstígar við hestúshverfi.
- Vega- og stígamót, þveranir við aðra stíga.
- Fjölfarnar reiðleiðir út frá hestúshverfum.

Athuga ætti snjallstýringu á lýsingu þar sem það gæti hentað, þannig að hún sé aðeins virk þegar umferð fer um svæðið.

Dreifbýli

Eftirfarandi atriði sem taka á umferð óvarinna vegfarenda í dreifbýli og væri æskilegt að vera með lýsingu til þess að draga úr slyshættu í myrkri.

- Reiðstígar sem þvera veg.
- Reiðgöng.
- Reiðbrýr.

Tæknileg útfærsla

Við ákvörðun um útfærslu og önnur ljóstæknileg atriði veglýsingar skal ávallt fylgja nýjustu útgáfu af staðli evrópsku staðlasamtakanna CEN.

Í staðli ÍST CEN/TR 13201-1:2014: Road lighting – Part 1: Selection of lighting classes er fjallað um val á lýsingarflokkun við mismunandi aðstæður.

Í staðli ÍST EN 13201-2:2015: Road lighting – Part 2: Performance requirements er fjallað um ljóstæknileg skilgreiningaratriði lýsingarflokkanna og gæðaviðmið þeirra.

Sjá nánar um tæknileg atriði í leiðbeiningarriti *Vegagerðarinnar um veglýsingu*.

5. GERÐ OG UPPBYGGING REIÐSTÍGA

5.1 Gerð reiðstíga

Gerð A, heilsárs stígur með mikla umferð t.d. hestúshahverfi eða stígar í þéttbýli. Stígar sem þurfa að geta borið þjónustu umferð allt árið.

Gerð B, heilsárs stígur með litla umferð og sumarleiðir.

Gerð C, reiðfær slóð eða gata, t.d. meðfram þjóðvegum í flokki tengi- og landsvega. Grjóti og annarri fyrirstöðu skal rutt úr vegstæði, ræsi framlengt eða sett í skurði, malarlag sett þar sem sérstök þörf er á með hliðsjón af gerð undirlags.

Gerð D, slóð. Slóð eða stígar þar sem ekki er þörf ofaniburðar, slóðin liggur um burðarhæfan jarðveg, hugsanlega þarf að hreinsa burt fyrirstöður.


5.2 Uppbygging reiðstíga

Uppbygging reiðstíga byggist aðallega á tveim efnisgerðum, slitlagi og styrktarlagi en það geta líka verið aðrir möguleikar.

Það er ekki alltaf nauðsynlegt að keyra slitlag út sérstaklega, það getur verið hagkvæmt að leggja út eitt lag af efni. Hér er átt við aðstæður þar sem undirbygging er burðarmikil þannig að efnið uppfylli nánast kröfur um styrkingarlag og til boða stendur efni sem hefur nægilegan burð og þolir að blotna án þess að vaðast upp, en er jafnframt ekki of gróft fyrir ríðandi umferð.

Efnisvinnsla í stígastæðinu getur einnig verið í boði t.d. með svokölluðum steinbrjót þar sem hægt er að mylja niður gróft malarefni þannig að til verði gott reiðstígaefni, sjá nánar í kafla 9.3 á bls. 41.

Tafla 5-1 Uppbygging stíga.



Uppbygging gerða A og B		Gerð A	Gerð B
		Lagþykkt slitlagsefnis (cm)	
• Slitlag - Malarslitlag		10	5
Yfirbygging • Styrktarefni, mól Cu ≥ 15 ofan á:	Burðarþölsflokkur undirbyggingar sjá bls. 16	Lagþykkt styrktarlagsefnis (cm)	
Bergskeringu, grjótfyllingu í T1	1	0	0
Möl Cu ≥ 15, T1	2	0	0
Möl Cu < 15, T1 Sandur Cu ≥ 15, T1 Bergskering, grjótfylling, T2	3	10	5 *1)
Sandur Cu < 15, T1 Möl, sandur, jökulruðningur, T2	4	20	10
Möl, sandur, jökulruðningur, T3	5	30	20
Mold, silt, leir, T4, (þéttur jarðvegur)	6	40	30
Mór, mold, silt, leir, T4, (laus – blautur)	6	50 *2)	40 *2)

*1) Slitlagsefni og styrking, 5 + 5 cm, lagt út sem eitt lag.
*2) Ef fyllt er á mýrlendi getur þurft að meta hvert tilfelli sérstaklega.

Í töflu 5-1 eru gefnar upp þykktir styrktarlags miðað við mismunandi undirstöðu.

5.3 Flokkun jarðefna

Á mynd 5-1 er sýnd kornastærðadreifing nokkurra efna sem notuð hafa verið við reiðstígagerð í námunda við Reykjavík.


Þegar efni fer að nálgast efri markalínuna er orðin hættu á að það vaðist upp í bleytu. Þetta er háð gerð fínefnanna og er almennt meiri hættu á þessu í efnum sunnan- og vestanlands heldur en í efnum á norðurlandi.

Slitlagið má ekki vera of gróft og þarf að innihalda hæfilegt magn fínefna til að bindast saman. Efnið þarf að uppfylla kröfur um dreifingu kornastærða og er höfð hliðsjón af reglum um malarslitlög í verklýsingu Vegagerðarinnar.

Stærstu steinar mega vera allt að 19 mm, þó mega 10% korna vera stærri. Brot efna skal vera í lágmarki og ekki á að nota egghvasst grjót, ílangt eða flögótt með hvassar brúnir.

Slitlagsefni fyrir reiðstíga – kornastærðadreifing

Slitlagsefni í reiðstíga á að vera innan marka sem sýnd eru með heildregnu rauðum línunum á mynd.



Mynd 5-1 Kornastærðadreifing slitlagsefna

Víkja getur þurft frá kröfum um uppbyggðan reiðstíg á ákveðnum svæðum, s.s. á svæðum er falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd.

Styrktarlagsefnið eða undirbyggingin skal vera úr burðarmiklum frostöruggum eða lítt frostnæmum jarðvegi, t.d. mól eða sandi sem fellur í frostflokk T1. Þykkt styrkingarefnis fer síðan eftir gerð undirstöðu.

Styrktarlagsefni,
möl eða sandur með
grófleikatöluna
 $C_u \geq 15$ og hámarks
kornastærð 75 mm,
frostflokkur T1.

$$C_u = D_{60}/D_{10}$$


Þar sem D er kornastærðin
sem 60% er undir annars
vegar og 10% er undir hins
vegar.

Frostflokkun er byggð á
norska flokkunarkerfinu
sbr. handbók norsku
vegagerðarinnar N200 og
leiðbeiningum
Vegagerðarinnar um
burðarþolshönnun.

Flokkað er út frá
kornastærðadreifingu
efnisins í fjóra flokka,
T1 – T4.

Styrktarlagsefni fyrir reiðstíga – kornastærðadreifing

Efnin eiga að fylgja markalínunum sem mest. Séu fínefni of mikil sbr. rauðu slitnu línuna þá er viðbúið að efnið vaðist upp í bleytu og missi burðargetu í vorleysingum.



Mynd 5-2 Kornastærðadreifing styrktarlagsefna

Gráa línun sýnir efni með lítið fínefni, hlykkur er á línunni en þar sést að það vantar grófan sand í efnið og það er óstöðugt. Styrktarlagsefnið skal jafna vel og þjappa þar sem við á, t.d. með léttum valta eða öðrum sambærilegum aðferðum.


Malarefni er frostflokkað eftir hlutfalli fínefna sem eru minni en 20 μm miðað við þann hluta efnis sem er minni en 20 mm. Þegar efnismassinn er mjög grófkorna, samanstendur af stórum steinum sem bera stein í stein og fínni massinn fyllir ekki holrúmið á milli steinanna, þá gildir þessi flokkun ekki.

Tafla 5-1 Frostflokkun malarefna

Frostflokkar malarefna				
Frostflokkar		% fínefna af efni < 20 mm		
		< 2 μm	< 20 μm	< 200 μm
T1	frostfrítt efni		< 3	
T2	lítið frostnæmt efni		3 – 12	
T3	meðal frostnæmt efni		> 12	< 50
T4	mikið frostnæmt efni	< 40	> 12	> 50

Kornastærðardreifing fínefna minni en 0,063 mm, silt og leir, er fundin með fínefnagreiningu. Efni sem hefur meira en 40% < 2 µm telst vera meðal frostnæmt og er í frostflokki T3. Slík efni eru að verulegum hluta leir sem finnst aðeins í undantekningatilfellum hér á landi.

Tafla 5-2 Dæmi um frostflokkun skv. kornastærðadreifingu.



Þegar efni er komið í frostflokk T2 eða ofar þá missir það burðarþol í bleytu, t.d. í vorleysingum og getur vaðist upp í mikilli úrkomu.

Tafla 5-3 Flokkun iarðefna. mól sandur og fínefni

Efni	Frost-flokkur	Burðarþols-flokkur	E-gildi MPa
Klöpp og sprengt grjót	T1	1	
Möl, Cu ≥ 15	T1	2	110
Möl, Cu < 15	T1	3	110
Bergskering, grjótfylling	T2	3	75
Sandur, Cu ≥ 15	T1	3	75
Sandur, Cu < 15	T1	4	75
Möl, sandur, jökulruðningur	T2	4	50
Möl, sandur, jökulruðningur	T3	5	30
Leir, silt	T4	6	20
Mór		7	



Mynd 5-3 Reiðstígur í Raudhólum, gróft styrktarlagsefni með unnu reiðstígaefni sem slitlag.

Breidd er háð umferð og legu í landinu

Í þéttbýli, sérstaklega út frá stórum hesthúsahverfum, verður að hafa í huga möguleika á mætingu reiðmanna með þrjú hross til reiðar.

Þar sem reiðstígur liggur um flatlendi eru oftast möguleikar á að víkja út af veginum við mætingar.

Þar sem reiðstígur er byggður upp úr landinu getur skapast veruleg hætta ef fláar eru brattir og jafnvel með grófu efni í yfirborði.


Hætta skapast einnig þegar hross í taumi slíta sig laus í þrengingum sem skapast við mætingar.

Öryggissvæði er á bilinu 5 – 12 m og aukið öryggissvæði (ösv x 1,5) er því á bilinu 7,5 – 18 m eftir umferð.

Sjá nánar kafla 6.3 [Öryggissvæði reiðstíga](#)

6. KENNISNIÐ OG RÝMI

6.1 Kennisnið reiðstíga



Mynd 6-1, kennisnið reiðstígs

Til þess að tryggja afrennsli af reiðstígum þarf þverhalli að vera 3–4% og af öryggisástæðum skal byggja fláa með hallanum 1:3 eða flatara þegar hæð stígs yfir landi er yfir 50 cm.



Breiddir reiðstíga

- uppbyggður reiðstígur í þéttbýli, mikil umferð, gerð A b = 4,0–6,0 m
- reiðstígur í þéttbýli, gerð B b = 3,5–4,0 m
- reiðstígur í dreifbýli, gerðir C og D b = 2,5–3,0 m
- fjarlægð í hindrun..... f = 1,5–2,5 m

Rýmisþörf – minnstu fjarlægðir - öryggissvæði

- fjarlægð frá akvegi, háð umferð og vegflokk..... 5–18,0 m
- fjarlægð frá rafmagnsgirðingu, árbökkum, djúpum giljum... 2,5 m
- fjarlægð í hindrun, girðingu, skurð eða mannvirki..... 1,5 m
- fjarlægð frá skiltum 1,5 m
- fjarlægð frá ljósastaurum..... 1,0 m

Dæmi um afstöðu reiðstígar gagnvart akvegi og skurði. Öryggissvæði vega er háð hönnunarumferð, ADU_h og hönnunarhraða, V_h en auk þess ber að skoða aukið (+) öryggissvæði ($Ö_s$) sem er 1,5 x $Ö_s$, mælt lárétt út frá vegöxl.




Mynd 6-3 Reiðstígur í Grímsnesi. ADU_{2019} er um 2200 bílar og lega reiðstígsins uppfyllir skilyrði um öryggissvæði vega (hér 10 m) en uppfyllir ekki kröfur um aukið öryggissvæði sem væri hér 15 m. Laus vikur er ekki heppilegt yfirborðsefni reiðstígs.




Mynd 6-4 Fjölfarinn reiðleið austan við Rauðavatn – hefur nú verið færð frá akveginum. Umferð á Suðurlandsvegi var 2006 um 6600 bílar á dag að meðaltali. Fjarlægð milli reiðstígs og þjóðvegjar var um 10–12 metrar. Ekki er vitað um óhöpp vegna nálægðar við þjóðveginn en reiðstígurinn var engu að síður talinn vera óæskilega nærri svo umferðamiklum vegi og því var hann færður.

Ljóst er af myndinni að reiðstígar þurfa viðhald eins og önnur mannvirki.



Mynd 6-5 Reiðstígur við fjölfarinn þjóðveg norðan við Borgarnes, ÁDU₂₀₀₆ var um 2000 bílar. Hér var þröngt um reiðstíginn, hann var bæði of nálægt skurðinum og þjóðveginum þar sem er bæði mikil og hröð umferð. Reiðleiðinni var fundinn annar og betri staður fjarri þjóðveginum.



Mynd 6-6 Reiðstígur í Biskupstungum, þegar reiðleið var gerð var ADU₂₀₀₃ = 200, ADU₂₀₁₉ = 2869 og SDU₂₀₁₉ = 4192. Í dag ætti öryggissvæðið að vera minnst 10 m.

ÁDU = Ársdagsumferð
Meðalumferð á dag yfir árið

SDU = Sumardagsumferð
Meðalumferð á dag yfir
tímabilið júní - september

Þó svo að besti kosturinn sé að vera fjær akvegi, þá er ekki alltaf hægt að finna og leggja til nýtt vegstæði fyrir reiðstíga. Það getur oft verið þröngt á vegssvæðinu og þá þarf að meta hvað sé ásættanlegt og hvaða aðrir möguleikar séu fyrir hendi. Hafa þarf í huga þróun umferðar og áhrif á umferðaröryggi.

Veghönnunarreglur
Vegagerðarinnar
Vegagerdin.is

Nánar um öryggissvæði:
[Veghönnunarreglur -
Kafli 02 – Þversnið](#)

Skýrsla um
[Lagfæringar á umhverfi
vega](#)

Innan öryggissvæða
má ekki vera önnur
umferð, þar með talin
umferð hesta.

6.2 Öryggissvæði vega

Samkvæmt Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar skal vera öryggissvæði meðfram vegum. Í töflu 1 er sýnd lágmarks öryggisbreidd miðað við hönnunarhraða, V_h (km/klst) og hönnunarumferð (ÁDU_h), t.d. fyrir hönnunarhraða 110 km/klst er lágmarks öryggisbreidd 9 til 12 m háð umferð.

Tafla 6-1 Lágmarksöryggisbreidd (A) í m

ÁDU _h	Hönnunarhraði, V _h (km/klst.)										
	30	40	50	60	70	80	90	100	110	120	130
0 - 300			2	3	4	5	6	7	9	10	10
301 - 3 000			3	4	5	6	7	8	10	11	11
> 3.000			4	5	6	7	9	10	12	12	12

Breidd öryggissvæðis er mælt frá brún akbrautar og lágmarksöryggisbreidd er miðuð við hönnunarhraða og hönnunarumferð (ÁDU_h).

Í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar, kafla 2.2, er tekið fram að reiðstígar skulu vera utan vegsvæðis á stofn- og tengivegum og á öðrum vegum gilda sömu reglur um staðsetningu reiðstíga og fyrir göngustíga, þ.e.a.s. fyrir utan **aukið öryggissvæði** fyrir vegi sem hafa meiri hönnunarhraða en 50 km/klst.

Listað er upp í reglunum hvað má ekki vera innan öryggissvæðis. Einnig er tekið fram að ætíð skuli skoða svæði fyrir utan öryggissvæði, oft kallað **aukið öryggissvæði**, sem nemur einu og hálfu öryggissvæði.

Í Veghönnunarreglunum kemur fram að innan aukins öryggissvæðis skuli ekki vera:

- *Leikvellir, skólalóðir, tjaldsvæði, íbúðasvæði o.þ.h.*

Þetta atriði tekur á umferð óvarinna vegfarenda og því fellur umferð reiðmanna undir þetta atriði. Því skal miða við að reiðleiðir séu fyrir utan **aukið öryggissvæði** vega, til þess að tryggja öryggi umferðar á reiðstígum. Sé ekki hægt að verða við því skal skoða möguleika á að verja umferð óvarinna vegfarenda, t.d. með því að setja vegrið við aðliggjandi veg.

Vegrið er notað til aðskilnaðar milli umferðar ökutækja og ríðandi umferðar sé reiðstígur innan öryggissvæðis vegarins. Ef vegrið er notað við reiðstíg þarf reiðstígurinn að vera utan virknibreiddar vegriðsins.



Mynd 6-7 Þverun vegar sem liggur í gegnum hesthúsasvæði, punktalínur teiknaðar inn á mynd. Góð skiltun en æskilegt er að auðkenna þverun reiðstígsins yfir akbrautina.

Öryggi á reiðstígum !

Sjónlengdir uppfylltar !

Sjónlengdir allra vegfarenda þurfa að vera með besta móti til þess að stuðla öryggi þeirra.

Þetta á sérstaklega við um þveranir þar sem þarf að tryggja nægilega sjónlengd knapa til þess að greina aðra umferðstrauma og hafa þá tækifæri til þess að stöðva hestinn eða bregðast við aðstæðum.

Öryggssvæði reiðstíga

Forðast að nota stórgrýti eða steypa hluti með hvössum brúnum eða hornum til afmörkunar á reiðstígum eða innan öryggssvæðis reiðstíga.

Hross á flótta leitar flóttaleiðar, hvort sem hún er því æfluð eða ekki.

Stórgrýti

sett til að torvelda óæskilega umferð á reiðstígum

hamlar einnig aðkomu neyðarbíla

Gróður í innbeygjum takmarkar sjónlengdir vegfarenda og skerðir öryggi.

Sjá

[Ferða- og öryggisnefnd LH](#)

[Slysaskráning hestaslysa á heimasíðu LH](#)

6.3 Öryggissvæði reiðstíga

Skoða þarf hvort eitthvað í umhverfi reiðstígs geti valdið ríðandi vegfarenda hættu, t.d. ef knapi missir stjórn á hesti sínum og fellur af baki. Alltaf er best ef hægt er að fjarlægja það sem veldur hættu, ef það er ekki hægt eða talið æskilegt þá skal skoða að setja girðingu. Sé hætta til staðar í umhverfinu getur einnig verið gott að gera hättuna/hindrunina sýnilegri t.d. með lýsingu eða varúðarskiltum sem vara knapa við.

6.3.1 Öryggisgirðingar

Öryggisgirðing getur verið nauðsynleg þar sem ekki er hægt að tryggja nægjanlegan aðskilnað frá þjóðvegum og hætta getur verið á að hross fari inn á akveg.

Öryggisgirðing ætti að vera að lágmarki 1,3 m á hæð miðað við yfirborð stígs og að lágmarki 0,5 m frá stígnum. Einnig er hægt að nota girðingu til að stýra ríðandi umferð að öruggum leiðum, t.d. að æskilegri þverun vegar. Ekki er heimilt að setja upp girðingu innan öryggissvæðis þjóðvegur nema búnaður sé vottaður vegbúnaður og samþykktur af Vegagerðinni.



Mynd 6-8 Öryggisgirðing kemur í veg fyrir að hross hlaupi inn á veg. Hæð á efra rör er 1,3 m og lengd milli stólpa 2 m.



Mynd 6-9 Dæmi til umhugsunar. Stórgrýti á reiðleið til að takmarka umferð takmarkar einnig aðkomu neyðarbíla og trjágróður takmarkar veggýni á aðkomandi umferð.

Sjónlengdir

Það er mjög mikilvægt að reiðmenn og hross séu sýnileg öðrum vegfarendum og að reiðmenn og aðrir vegfarendur hafi yfirsýn yfir aðkomandi umferð.

Umferðamerki

eru skilgreind í reglugerð og allar upplýsingar er að finna á

[heimasíðu Vegagerðarinnar](http://heimasíðu.Vegagerðarinnar)
www.vegagerdin.is

Sjá þar nánar um reglur varðandi notkun mismunandi merkja, t.d.:

Viðvörðunarkerki



A11.31 Reiðmenn



A11.41 Hjólreiðamenn



A11.22 Gangbraut framundan

Upplýsingamerki



D02.11 Gangbraut

Sjá einnig um merki í kafla 7.2 Merkingar

6.4 Þverun vega, gatna og stíga

Þegar reiðleið skarast við aðra umferð eða stígur er samnýttur með öðrum útivistarhópum er sérstaklega mikilvægt að yfirsýn um umhverfið sé góð, þannig að menn og hross sjái vel yfir svæðið framundan og alla aðkomandi umferð.


6.4.1 Þverun við þjóðvegi

Þverun reiðstígs við umferðarmikla vegi ætti að vera í reiðgöngum en þar sem því verður ekki við komið eða umferð er lítil skal komið fyrir öryggisgrindum sem auðveldar knapa að þvera viðkomandi veg.

Það er ekki sjálfgefið að hægt sé að stöðva öll hross um leið og knapinn vill. Þegar reiðstígur þverar umferðargötu getur því verið nauðsynlegt að útbúa hindrun sem knapinn getur nýtt sér til þess að hægja ferð eða stöðva hrossið áður en farið er yfir götuna.

6.4.2 Öryggisgrindur við akveg

Með því að setja upp þverslár eins og sýnt er á myndinni kemur reiðmaður alltaf þannig að akvegi að hann horfir á móti aðkomandi umferð. Öryggisgrindur gefa einnig knöpum möguleika á að draga úr ferð eða stöðva hross áður en komið er að umferðargötu.



Mynd 6-10 Þverun við umferðamikinn þjóðveg

Málsetning er til viðmiðunnar og háð öryggissvæði vegarins og aðstæðum á hverjum stað. Grindur skulu ávallt vera fyrir utan öryggissvæðið og helst aukins öryggissvæðis sem er 1,5 x öryggissvæðið.

Tryggja þarf mögulega aðkomu neyðarbíla inn á reiðstíginn, t.d. með því að slá sé opnanleg og akfært sé inn á svæðið.

Við þverun er meginreglan sú að reiðstígurinn hafi forgang.

SÝNUM TILLITSEMI og AÐGÆSLU

Sá vísir sem hefur meiri stjórn á hraða og ferð.

Í þverun er hægt að setja plastform, jarðvegsgrindur, t.d. Ecogrid, fyllt með fíngerðri möl. (0–11 efni). Ekki skal fyllt í formið með bikbundnu efni.

Göngu- og/eða hjólastígur

Notkun jarðgrinda kallar á nánari skoðun. Malarefni á það til að losna úr forminu og geta þá myndast hættulegar holur í þveruninni.

Umferðarmerki

Sjá nánar reglugerð og upplýsingar um umferðarmerki á

[heimasíðu Vegagerðarinnar](#)

[Handbók
Yfirborðsmerkinga,
kafla 1-5](#)

[kafla 6-10](#)

Besta lausnin er alltaf að forðast þveranir og það ætti ávallt að vera fyrsta úrlausnarverkefnið


6.4.3 Þverun reiðstíga við göngu- og/eða hjólastíga

Við þveranir stíga er gerður greinarmunur á mismunandi umhverfi og mismunandi umferðarmagn. Þannig skal reiðstígur vera ráðandi á skilgreindum svæðum hestamanna; hesthúsahverfa og umferðarmiklum reiðstígum í næsta nágrenni. Fjár slíkum svæðum þar sem umferð hjólandi og gangandi er ráðandi miðast slitlagsgerð í þverun við slitlag hjóla- eða göngustígsins.

Þverun á skilgreindum svæðum hestamanna

Umferð reiðmanna er ríkjandi á svæðinu.

Öryggislínur, hvítar málaðar línur, henta vel til að vara vegfarendur á göngu- og/eða hjóla- og/eða reiðstíg við því að þeir eru að koma að reiðstíg eða akvegi sem þverar stíginn.




Mynd 6-11 Dæmi um þverun stíga innan hesthúsasvæðis

Athugið, að auk öryggislína þarf einnig að setja upp viðeigandi skilti við þveranir og hafa í huga minnstu fjarlægð skiltis frá vegi eða stíg.

Þverun á umferðarlitlum götum eða stígum með bundnu slitlagi

Umferð reiðmanna er ríkjandi á svæðinu.



Mynd 6-12 Dæmi um þverun stíga eða fáfárinna gatna utan marka hesthúsasvæðis.

Þverun á svæðum utan og fjarri skilgreindum svæðum hestamanna og umferð hjólandi og gangandi vegfaranda er ráðandi. Notið viðvörðunarmerki og auðkenningu á þverun með gangbrautarmerkingu sbr. bls. 22 eða brotnum línunum þvert á veg.

6.5 Reiðgöng


Þar sem reiðleið þverar umferðarmikinn þjóðveg getur þurft að leysa málið með undirgöngum. Undirgöng geta verið af ýmsum gerðum en líklegast eru undirgöng gerð úr stálplöturæsum hagkvæmur kostur í flestum tilfellum. Bogalaga ræsi gefa í raun meira rými heldur en lágmarksstærðir segja til um, þar sem mesta breidd þeirra er tæpir 5 m og hæðin í miðju er um 4 m.

Lágmarksbreidd undirganga fyrir reiðstíga er 3 metrar skv. viðmiðunarreglum í verklýsingu Vegagerðarinnar.

Almennt er miðað við að rými í reiðgöngum sé þannig að innan þeirra rúmist ferningur sem er 3 x 3 m.

Hugleiða þarf þó þversnið ganga með tilliti til umferðar og lengdar ganganna.

Brúnir ræsaenda skulu ávallt varðar með plasthulsu.



Mynd 6-13. Reiðgöng undir þjóðveg við Akranes. Göngin eru það rúm að hægt er að fara með aðra umferð í gegnum þau ef nauðsyn krefur. Gott útsýni er eftir veginum þannig að vel sést til umferðar sem kemur á móti.

Þar sem krappar beygjur eru við undirgöng skal gæta þess að sjónlengd og rými sé nægjanlegt til þess að mæta og bregðast við aðkomandi umferð. Ganga þarf þannig frá samsetningaboltum, ræsaendum og frágangi (hleðslum) við ræsaenda að ekki stafi hætta af ef hross fælist. Samsetningaboltar eiga að hafa hausinn inn í göngin og brúnir eiga að vera varðar með plastrorum.



Mynd 6-14 Ný undirgöng undir Reykjaveg í Mosfellsbæ.

Aðkoma og yfirsýn

Ef göng eru nýtt fyrir aðra minniháttar umferð samhliða umferð ríðandi manna er mjög mikilvægt að sjónlengdir og merkingar séu góðar.

Það er mikilvægt að allir vegfarendur hafi góða yfirsýn um aðra umferð um leið og aðskilnaður er tryggður þar sem þrengir að leiðum í göngunum.

Umferð ökutækja er vinstra megin reiðstígar.

Umferð gangandi og hjólreiðarmanna er um braut sem er hægra megin við reiðstíginn og liggur nokkuð hærra, en umferð þar er sýnileg frá reiðstígnum.



Mynd 6-15 Steypt göng undir Breiðhóltsbraut. Heildarbreidd ganga er 5 m, hér hefur verið settur upp veggur til að skilja að umferð ríðandi manna frá annarri umferð, breidd reiðstígs er 3 m og lofthæðin er einnig 3 m.

Umdeilt var hvernig tryggja ætti öryggi allra vegfarenda um göngin og hvort heppilegt væri að skilja á milli umferðar með lokuðum vegg sem ekki sést yfir. Breiddin, 3 m að vegg, er í það minnsta í svo umferðarmiklum göngum sem þessum. Málið var leyst með nýjum reiðgöngum.




Mynd 6-16 Steypt göng undir tengingu Víkurvegjar við Vesturlandsveg. Heildarbreidd ganga er 5 m, hér hefur verið settur upp veggur til að skilja að umferð ríðandi manna frá annarri umferð, breidd reiðstígs er 3 m og lofthæðin er einnig 3 m.



Mynd 6-17 Reiðstígur um Grafargil undir Vesturlandsveg. Minnsta breidd ganga, sem sýnd er á myndinni, er 3 m en breiðkar til beggja enda og er breiddin 4,4 m fremst í undirgöngunum, opið svæði og útsýni gott.

6.5.1 Þveranir í stálrörum



TYP		
	m	m
G 1	2,24	2,10
G 2	2,46	2,30
G 3	2,68	2,47
G 4	2,92	2,66
G 5	3,24	2,90
G 6	3,46	3,10
G 7	3,64	3,45
G 8	3,96	3,69
G 9	4,20	3,90
G10	4,42	4,08
G11	4,65	4,25
G12	4,90	4,43
G13	5,14	4,63
G14	5,40	4,82
G15	5,64	5,02



Mynd 6-18

Göngu- og umferðargöng, gerð G

Stálplötur sem eru sérsniðnar fyrir umferðargöng eru til í ýmsum útfærslum og eru hér sýndar sem dæmi þrjár gerðir frá einum framleiðanda. Göng af gerð G eru svo til „hringlaga“ með flötum botni.



TYP		
	m	m
GH 1	1,90	2,00
GH 2	1,90	2,15
GH 3	2,00	2,31
GH 4	2,40	3,10
GH 5	2,52	3,00
GH 6	2,68	3,45
GH 7	3,00	3,50
GH 8	3,25	3,70
GH 9	3,50	3,95
GH10	4,20	4,30




Mynd 6-19

Há og mjó umferðargöng, gerð GH

Þegar takmarkað rými er fyrir breið göng en nauðsynlegt er að ná mikilli hæð er hægt að nota göng af gerðinni GH, en þau eru meira á hæðina en breiddina.

TYP		
	m	m
GL 1	2,25	1,98
GL 2	2,54	2,12
GL 3	2,73	2,24
GL 4	2,99	2,40
GL 5	3,19	2,59
GL 6	3,51	2,86
GL 7	3,82	3,01
GL 8	4,03	3,34
GL 9	4,49	3,61
GL10	4,80	3,75
GL11	5,05	3,91
GL12	5,25	4,04
GL13	5,45	4,14
GL14	5,84	4,56
GL15	6,00	4,86
GL16	6,25	5,01
GL17	6,53	5,35
GL18	6,78	5,50



Mynd 6-20

Breið og lág umferðargöng, gerð GL

Gerð GL10 hefur m.a. verið notuð hér á landi sem umferðar- og reiðgöng og þykja gefa gott rými í breidd miðað við hæð.


Undirgöng á fáförnum reiðleiðum, rör

Aðstæður geta verið þannig að ekki er unnt að koma fyrir reiðgöngum í fullri stærð undir þjóðveg og/eða umferð um reiðleið er ekki það mikil að réttlætánlegt sé að byggja stór reiðgöng undir þjóðveg með mikla umferð. Í slíkum tilfellum er hægt að byggja göng fyrir gangandi umferð og gera ráð fyrir að reiðmenn teymi hross í gegn. Við svona göng getur þurft að viðhafa sérstakar aðgerðir vegna öryggis vegfarenda. Æskilegt er að hafa aðhald eða slár þar sem hægt er að binda hross ef hagræða þarf hlutum við göngin.

Hindra þarf að hross komist inn á akveginn t.d. með því að girða út frá undirgöngunum á milli reiðstígar og akvegar. Hugsanlegt er að hafa hlið áður en komið er að undirgöngum, reiðmenn skulu fara af baki og teyma um göngin, sjá teikningu á bls. 27.

Töflur og myndir eru úr bæklingi ViaCon AB, sjá nánar á www.viacon.se

Munið að merkja sérstaklega göng með takmarkaða hæð.



Mynd 6-21 Hugmynd að útfærslu þar sem umferðarlítill reiðleið þverar hjóðveg með mikla umferð og aðstæður þröngar, göng þar sem hugsanlega þarf að teyma í gegn.

Hægt er að nota rör með þvermál á bilinu 2,40–2,80 m, háð lengd ganga og aðstæðum. Kostnaður við gerð undirganga er verulegur og vert að hafa í huga mismunandi kostnað eftir útfærslum, stærð og gerð undirganga og t.d. hvort rjúfa þurfi veg eða hvort göngin séu hluti af vegagerð.

Breidd innan stálbogans er 7 m en breidd á milli steyptra veggja er 6 m, hæðin er um 5 m. Þetta eru talin góð göng á fjölfarinni reiðleið.

Sínum augum lítur hver á silfrið og ekki er alltaf víst að „góðar“ hugmyndir geðjist notandanum.

„Í undirgöngum eflaust verður ákaflega gaman að þjóta í gegn með þrjá til reiðar og þreknar lendar skera í sneiðar og hinumegin púsla pörtum saman.“


I.St.



Mynd 6-22 Myndin varð til eftir gerð fyrstu tilraunar að reiðgöngum. Mynd Bjarni Þór.

Í kjölfar þessarar tilraunar varð til samkomulag Vg og LH um að innra mál reiðganga skildi miðast við að þar kæmist fyrir ferningur 3 x 3 m.

Mismunandi aðstæður kalla á mismunandi úrlausnir.



Vængir á endum handriðs hafa tvíþættan tilgang. Þeir virka sem stýring inn á brúna, auka þannig öryggið og styrkja handriðið.

– Það getur verið öflugt lendarskotið þar sem fara þrír til reiðar yfir brúna.

6.6 Reiðbrýr

Fjöldi minni reiðbrúa er á reiðstígum í þéttbýli og eru margar þeirra komnar á tíma viðhalds og endurbóta. Yfirleitt virðast þessar brýr gerðar út frá hugmyndum um göngubrýr frekar en fyrir umferð reiðmanna.

Við gerð reiðbrúar þarf að hafa í huga öryggi reiðmanna sem nýta eiga mannvirkið og má þar nefna eftirfarandi:

Minnsta breidd sé a.m.k. 2,5 m
Öryggishandrið sé með útvíkkandi vængjum, hæð handriðs... 1,3 m

Ath. hér er átt við minni brýr þar sem fallhætta er óveruleg.



Hæð á setu hnakks á reiðhesti er yfirleitt um 1,4 m +/- reiðmaðurinn situr því oft vel yfir hæð brúarhandriða.

Mynd 6-23 Reið- og göngubrú yfir Bugðu við Norðlingaholt.

Fjölfarin reiðbrú en virðist meira hugsuð fyrir gangandi vegfarendur en ríðandi.

Breidd gólfs er 2,5 m
hæð handriðs 0,9 m



Mynd 6-24 Reið- og göngubrú yfir Bugðu við Norðlingaholt.

Lengd brúar er um 10 m og hvílir á þrem I-bitum, hæð bita = 180mm, brúin dúar undir álagi reiðmanna, það virðist ekki trufla notendur en óvanir fara varlega.



Mynd 6-25 Reiðbrú á Kjalarnesi

Hér er kominn tími á viðhald og endurnýjun. Greinileg þörf á vængendum til þess að tryggja öryggi reiðmanna.

Líklega ein fjölfarnasta
reiðbrú landsins.

Gott mannvirki en spurning
um:

- Hæð handriðs
- Vængenda handriðs
- Viðhald á gólfi

Hver sér um viðhald
brúargólfa?

Hver er upplýsingarskylda
reiðmanna?

Sumar skemmdir eru
hættulegri en aðrar, látum
viðkomandi reiðveganefnd
vita um varasama staði.

Sjá
[Reiðveganefndir LH](#)



Mynd 6-26 Reiðbrú yfir Bugðu á mótis við Almannadal.

Breidd brúar
er 2,65 á milli
handriða og
hæð handriðs
er 1,0 m.



Mynd 6-27 Reiðbrú yfir Bugðu á mótis við Almannadal.

Lengd brúar er
ca. 12 – 13 m.
Brúin er byggð
á uppsveigða
I-bita og dúar
ekki undir
álagi hesta-
umferðar.



Myndir-28 og 29 Brúargólfíð farið að molna og orðið varasamt.




Huga þarf vel
að viðhaldi
reiðbrúa og
það þarf að
vera ljóst
hver ber
ábyrgð á því

að slíku viðhaldi sé sinnt. Slitið brúardekk getur verið verulega hættulegt
ríðandi umferð. Reiðveganefndir LH hafa yfirlit og umsjón með reið-
stígum hver á sínu svæði og geta komið athugasemdum á rétta aðila.

6.7 Öryggisgrindur á reiðbrúm og við djúp gil

Almennar reglur um hæð handriða eiga ekki við um reiðbrýr og þegar reiðleið liggur á brúnum hárra gilja. Æskilegt er að neðri hlutinn sé steypdur eða lokaður, 0,7 - 1 m á hæð og síðan úthallandi öryggisgrind þannig að reiðmaðurinn flækist ekki í grindunum þó svo að hross fari nærri veggnum og varðandi hæð grindar skal miðað við eftirfarandi:


- á stærri reiðbrýr og við djúp gil hæð 1,80 m
- á minni reiðbrýr og við umferðamikla þjóðvegi.... hæð 1,30 m



Mynd 6-30 Reiðbrú yfir Glerá á Akureyri. Mynd Sigfús Helgason

Það er mikilvægt að aðkoma að breyttum aðstæðum, stundum varasömum sbr. við brýr og undirgöng, sé afmörkuð með grindum eða girðingu.

Takið eftir trektlaga aðkomunni við brýr og göngin á mynd 6-17.



Mynd 6-31 Þversnið af reiðstíg í bergskeringu fyrir framán landstólpa brúar.

Mismunandi aðstæður
kalla á mismunandi
úrlausnir.

Þegar stórfljótin eru brúuð
þarf að huga sérstaklega
vel að öryggismálum og
eru þá yfirleitt gerðar meiri
kröfur en við minni brýr.



Mynd 6-32 Vesturbrú yfir Eyjafjarðará. Mynd Sigfús Helgason

Á nýju brúnni yfir Eyjafjarðará er timburgólf og ekki sett mól ofan á gólfið
eins og á brúnni yfir Glerá en slíkur mölburður hefur ekki reynst vel.



Mynd 6-33 Vesturbrú yfir Eyjafjarðará. Mynd Sigfús Helgason



Mynd 6-34 Þjórsárbrú - öryggis-
grindverk. Mynd Bjarnleifur
Bjarnleifsson, Hekla í baksýn.



Mynd 6-35 Ný 102 m löng reið- og göngubrú yfir Þjórsá ofan við Þjófafoss. Timburgólf
úr íslensku sitkagreni er lagt á stálbita. Mynd, Landsvirkjun, Búrfell í baksýn.

Leyfi til framkvæmda

Athuga þarf að framkvæmdir á áningarstöðum kunna að vera leyfisskyldar.

Minnt er á bráðabirgðaákvæði skipulagslaga um leyfi til framkvæmda án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag.



Ganga þarf vel frá staurum í jörð, nota fúavarið timbur og hafa góða drenmöl, steypu eða sambærilegan frágang við staur. Dýpt staura í jörð skal vera 0,6–1,0 m, háð jarðvegi og ummál holu um 0,4–0,6 m.

7. ÁNINGARSTAÐIR OG MERKINGAR

Til áningarstaða flokkast aðstaða sem byggð er sérstaklega fyrir ferðamenn á hestum til hvíldar. Um er að ræða allt frá girðingarhólfum fyrir stærri hópa lausra hesta með beit fyrir hross, niður í aðstöðu fyrir einn eða fleiri að binda sína hesta meðan höfð eru hestaskipti. Áningarhólf á stofnleiðum í viðkvæmu landi eru nauðsynleg. Við staðsetningu þeirra skal haft í huga að raska landi sem minnst og velja þeim þurran stað, séu þau ekki ætluð til beitar. Aðgengi vegna viðhalds þarf að vera til staðar.

Á fjölförnum stöðum skal huga að staðsetningum með öðrum útivistarhópum, þannig að samnýting á þjónustu s.s. snyrtingu, útigrilli, sorplosun o.fl. sé möguleg.

Til að fjármagni sé veitt af reiðstígafé til áningarhólfa þarf framkvæmdin að vera skv. gildandi skipulagi fyrir viðkomandi sveitarfélag.



Mynd 7-1 Dæmi um áningarstað á fjölfarinni reiðleið. Stærð hólfins er 6 x 7 m. Æskilegt er að gefa áningarhólfum nöfn og merkja sem slík og staðsetja í kortasjá.

Við gerð áningarstaða er oft heppilegt að nota gamla síma- eða rafmagnsstaura en með þeim er hægt að mynda traust aðhald sem yfirleitt fer vel í landinu. Þetta getur verið einn láréttur staur sem hvílir á tveim stólpum eða formað gerði í L eða U.

Áningarstaðir skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá vegi, t.d. um 5 m frá reiðstíg og 15 m frá akvegi, amk. fyrir utan öryggissvæði vegar.

Við gerð áningarstaðar skal þess gætt að takmörkuð sé hætta á að hross fælist vegna umferðar eða ráfi út á veg ef þau losna.

Ef aðhaldið er við fjölfarna leið er rétt að bera mól í svæðið, þannig að það vaðist ekki upp í bleytu.

Pegar myndað er L- eða U-laga aðhald skal af öryggisástæðum snúa opinu frá akvegi.

Nafngift og merking á áningarstað gefur honum aukið gildi og einnig geta áningarstaðir einnig verið tilvaldir staðir fyrir upplýsingaskilti ýmist um nágrennið eða leiðaval.



Mynd 7-2 Merking áningarstaðar.

7.1 Áningarhólf

Gerði úr timbri eða járni. Hlið þurfa að vera grindarhlið á hjörum og með góðum og öruggum lokunarbúnaði. Nauðsynlegt er að grafa staura vel niður fyrir frost. Góð mól þarf að vera í gerðinu svo ekki safnist í það væta og drulla.

Girðingar þurfa að vera rúmgóðar og vel hrossheldar. Viðhald verður að vera í lagi svo útilokað sé að hross sleppi út. Hlið verði alltaf góð grindarhlið á hjörum og lokunarbúnaður traustur.




Mynd 7-3 Áningarhólf skammt frá Þjórsárbökkum. Við pípugerðið er girðing um 60 x 60 m og liggur reiðleiðin um hólfid. Leiðarlýsing og reglur um umgengni á svæðinu eru á skilti við gerðið.

Umgengisreglur á svæðinu eru einfaldar og sjálfsagðar:

1. Allur lausarekstur hrossa er bannaður.
2. Ferðamenn haldi sig við merкта reiðleið.
3. Ferðamenn stöðvi aðeins við merkt áningarhólf.
4. Ferðamenn á hestum eru hvattir til að ganga vel um svæðið og hlíta settum reglum.

Heppileg áningarhólf fyrir hópa með rekstur lausra hrossa eru t.d. tveggja hliða hólf sem reiðstígurinn liggur um. Æskilegt er að slík hólf séu rúmgóð að stærð, getur tekið mið af aðstæðum. Gott er t.d. að hafa slík hólf þegar komið er inn á svæði þar sem lausarekstur er bannaður.



Mynd 7-4 Dæmi um áningarhólf

Ef hólf eru gerð þannig að þau séu lengri á annan veginn auðveldar það skiptingu með snúrum ef aðskilja þarf hópa.

Ákvæði um skilti er m.a. í 71. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Reglugerðina má finna á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is

Umferðarlög nr. 77/2019

Í umferðarlögum kemur m.a. eftirfarandi fram: **90. gr.**

Auglýsingaskilti við veg. Spjöld, auglýsingar, ljósa-skilti eða sambærilegan búnað má eigi setja á eða við veg þannig að honum sé beint að umferð nema með heimild veghaldara.

Veghaldari getur synjað um leyfi eða gert kröfu um að slíkur búnaður verði fjarlægður ef hann telur hann draga úr umferðaröryggi, þar á meðal ef misskilja má hann sem umferðarmerki, umferðarskilti eða vegmerkingu, búnaður tálmar veggýn eða er til þess fallinn að draga athygli vegfarandans frá vegi eða umferðinni.

□

Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra er nr. [289/1995](http://www.vegagerdin.is).

Reglugerðina, vinnureglur Vegagerðarinnar og upplýsingar um merki er að finna á heimasíðu Vegagerðarinnar á slóðinni:

www.vegagerdin.is

- Ferðaupplýsingar
- Merkingar
- Umferðarmerki

7.2 Merkingar

Merkingar við reiðleiðir verða stöðugt mikilvægari hvort sem er vegna öryggis hestamanna og annarra vegfarenda eða sem liður í þjónustu hestamannafélaganna við félagsmenn sína og aðra ferðamenn.

Það er ekki sama hvernig skilti og merki líta út og það er heldur ekki sama hvar þau eru sett niður. Um þetta gilda ákveðnar reglur sem ber að fara eftir, t.d. byggingarreglugerð og reglugerð um umferðarmerki, en auk þess vinnureglur sem farið er eftir við uppsetningu skilta, sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.

Varðandi merkingar við þjóðveg skal hafa samband við svæðisskrifstofu

Vegagerðarinnar á viðkomandi stað, en merkingar á öðrum vegum heyra undir viðkomandi sveitarfélag.



Mynd 7-5 Dæmi um aðkomuskilti

Í reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra segir m.a. í 19. grein:

Umferðarmerki skulu eftir því sem þörf þykir glituð eða lýst þannig að þau sjáist vel í myrkri.

Umferðarmerki skulu sett þannig að þau sjáist greinilega, að jafnaði hægra megin við veg miðað við akstursstefnu.

Öll umferðarmerki, að boðmerkjum undanskildum, má setja báðum megin vegar ef þörf þykir.

Ef tvær aðgreindar akbrautir eru á vegi má setja merki eða aukamerki á umferðareyju. Setja má merki yfir akbraut ef hagkvæmt þykir.

Viðvörðunarkerki ber jafnan að setja 25–250 m frá hættustaðnum og er heimilt að nota fleiri en eitt merki ef hinn hættulegi vegarkafli er langur.

Í þéttbýli skal merkið A06.11 (biðskylda) aldrei vera lengra frá vegamótum en 25 m og utan þéttbýlis 50 m. Heimilt er þó að nota merkið fjær vegamótum, ásamt undirmerki J42.11, til leiðbeiningar um að bið- eða stöðvunarskylda sé framundan.

Upplýsingamerki og þjónustumerki ber að setja hæfilega langt frá þeim stað er leiðbeining vísar til.



E07.21 Hestaleiga. E07.22 Skeiðvöllur. E07.23 Hesthúsaferfi E07.24 Hestakerruleiga
Mynd 7-6 Dæmi um þjónustumerki í reglugerð um umferðarmerki.

Hvernig er umferðaröryggið tryggt á hesthúsasvæðum og helstu reiðleiðum hestamanna?

Víða liggja reiðstígar yfir akvegi og ætti þar að vera viðvörunarmerki sem gefur til kynna hvers sé að vænta.

Hvernig er merkingum háttáð á þínu svæði?

Eru viðvörunarmerki sem benda ökumönnum á að þeir geti átt von á ríðandi umferð á svæðinu?

Reglugerðir má finna á slóð viðkomandi ráðuneytisins eða á slóðinni www.reglugerd.is

Umferðarmerkjum er skipt í tíu flokka í reglugerð nr. 289/1995 en hér er aðeins lítillega minnst á þrjá þeirra en um skilti er fjallað í byggingarreglugerð:

Viðvörunarmerki sem sett eru til að vara aðra vegfarendur við umferð reiðmanna, aðallega sett við akvegi.

Boðmerki segja til um hverjum viðkomandi vegur er ætlaður.

Þjónustumerki er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um þjónustu sem í boði er á leið þeirra.

Upplýsingaskilti og merkingar á reiðleiðum utan þéttbýlis og við áningarstaði er flokkur sem þarf að huga að sérstaklega.



Mynd 7-7 Viðvörunarmerki - A11.31 Reiðmenn.

Viðvörunarmerki

„Merki þetta má nota til að vara við því að reiðstígur þveri veg og þar sem sérstök ástæða er til að vara við umferð reiðmanna.“ Lengd að þverun reiðstígar skal gefin upp á undirmerki J01.11

Boðmerki

„Merki þetta má nota við vegi sem reiðmenn skulu nota en ekki aðrir.“



Við vegamót, þar sem reiðstígur og annar vegur mætast er rétt að merkja reiðstíginn með merkinu „reiðstígur“ og setja jafnframt á hann merki um að umferð allra vélknúinna farartækja sé bönnuð. Á hinn veginn þarf að setja viðvörunarmerki, sem varar aðra vegfarendur við hestaumferð.

Vinnureglur um notkun:

Merkið bannar ekki umferð gangandi. Víða hafa verið gerðir reiðstígar fyrir hestaumferð. Leitast skal við að merkja slíka reiðstíga með þessu merki.

Mynd 7-8 Boðmerki C16.11 Reiðstígur.



Merkingar gefa áningarstöðum aukið gildi




Mynd 7-12 Upplýsingaskilti við reiðleið á Þjórsárbyggum

Yfirlitskort – leiðarlýsing og umgengnisreglur

1. Allur lausarekstur hrossa á þessari leið er bannaður.
2. Ferðamenn haldi sig við merкта reiðleið.
3. Ferðamenn stöðvi aðeins við merkt áningarhólf.
4. Landeigendur og hestamannafélögin Sleipnir og Smári hvetja ferðamenn á hestum til að ganga vel um þessa leið og hlýta settum reglum.

7.3 Merkingar við áningarstaði
– fræðslu- og upplýsingaskilti

Merking áningarstaða fer mikið eftir eðli þeirra og umhverfi. Til bóta gæti verið að setja lítið skilti en þó hæfilega áberandi með nafni.



Mynd 7-9 Dæmi um upplýsingaskilti á áningarstað við Gjármót – Gjarrétt.



Mynd 7-10 Upplýsingaskilti

Vegprestar eða vegvísar með kenninafni og upplýsingum um vegalengdir í næstu áningarstaði eru bæði hjálplegir og upplýsandi fyrir ferðamenn og efla öryggi allra vegfarenda.

Góð upplýsingaskilti þar sem fram koma örnefni, sögulegar og jarðfræðilegar upplýsingar, lega reiðleiða og umgengnisreglur á viðkomandi svæði eru æskilegar upplýsingar á áningarstöðum. Gott að hafa upplýsingar um fjarlægð að næstu áningarstöðum og nöfn þeirra staða



Mynd 7-11 Vegprestur - vegvísir

8. KOSTNAÐUR

Mat á kostnaði og fjármögnun verksins er mikilvægur þáttur í undirbúningi fyrir reiðstígagerð.

8.1 Kostnaðaráætlun

Eftirfarandi er dæmi um kostnaðaráætlun fyrir byggingu reiðstígs, uppbygging sbr. töflur á bls. 14. Reiknað er með girðingu annars vegar, einu hliði og tveim ræsum sem setja þarf í skurði, heildarlengd 1 km.

SÝNIDÆMI EINGÖNGU	Magn		ein einingaverð	verð
Undirbúningur				
Útsetningar og framkvæmdamælingar		HT	2,87%	217.623
Rif mannvirkja, hreinsun vegsvæðis		HT	1,07%	81.135
Efni og vinna				
Hörpun	300	m ³	1.090	327.000
Netgirðingar, efni og uppsetning	1.000	m	1.800	1.800.000
Girðingarhlið – efni og uppsetning	1	stk	94.000	94.000
Efniskostn. stálröra, D 0,8 m	8	m	18.000	144.000
Styrktarlag, unnið efni	990	m ³	2.560	2.534.400
Lögn stálröra, D 0,0–1,0 m	8	m	22.000	176.000
Endafrág. D 0,0–1,0 m grjót/snidda	4	stk	50.000	200.000
Styrktarlag, flutningur og útlögn	990	m ³	1.070	1.059.300
Mölbúður, /unnið efni	300	m ³	4.160	1.248.000
Merkingar á vegaskemmdum og vinnustöðu	2	HT	0,95%	72.036
Samtals				7.953.494

Athugið að þetta er aðeins gróft dæmi og verð geta verið mjög breytileg.

Einingaverð eru fengin úr FK kerfi Vegagerðarinnar og eru skv. vísitölu vegagerðar í júní 2021, 187.6:

Reikniform til þess að áætla kostnað við reiðstíga-framkvæmdir er aðgengilegt í gegnum [kortasjá LH](#)

Undir:

„Reiðvega umsóknir“

Rétt er að hafa í huga að einingaverð geta verið mjög breytileg eftir landshlutum og/eða aðstæðum á hverjum stað. Ofangreint dæmi er m.a. hugsað til þess að einfalda yfirsýn á kostnaðardreifingu mismunandi verkliða og auðvelda mat á því hvar mætti hugsanlega hagræða í verkinu. Í ofangreindu dæmi er aðeins tekið á þeim hluta verksins sem boðinn væri út en ýmsir aðrir hlutir geta komið til, sem rétt væri að hafa með í heildarkostnaðarmati verksins. Hér er t.d. átt við vinnu sjálfboðaliða við undirbúning og/eða framkvæmd, hugsanleg framlög landeigenda með eftirgjöf á landi o.fl.

Viðmiðunarreglur LH við úthlutun:

- Fremur verði veittir færri en stærri styrkir svo að meiri líkur verði á því að unnt sé að ljúka þeim framkvæmdum sem í verður ráðist.
- Umsókn um reiðstígafé skal berast LH um kortasjá LH á umsóknareyðublöðum sem þar er að finna, slóðin á kortasjána er www.map.is/lh
- Fyrirhugaðar reiðstígaframkvæmdir séu samkvæmt gildandi skipulagi viðkomandi sveitarfélags eða að samþykkt bæjar- eða sveitarstjórna liggja fyrir sé svo ekki.
- Umsóknin skal staðfest af formanni reiðveganeftndar svæðisins.
- Það styrkir umsókn ef fyrir liggur staðfest vilyrði bæjar- eða sveitarstjórna um framlög á móti úthlutuðum styrk.
- Umsóknir berist fyrir lok febrúar ár hvert og afgreiðsla umsókna liggja fyrir eigi síðar en um mánaðarmót mars / apríl, en er þó háð samþykkt fjárlaga og samgönguáætlana á Alþingi.
 - Greinargerð vegna reiðstígaframkvæmda skal skila um kortasjána til LH strax að verki loknu og eigi síðar en 31. desember ár hvert.


8.2 Fjármögnun reiðstígagerðar

Fjármögnun skal byggja á fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun. Mælt er með að áætlanir miði við að framkvæmdum ljúki við fyrirhugaðan áfanga. Fjármögnun er algengust á eftirfarandi hátt:

8.2.1 Reiðstígafé á Samgönguáætlun

Reiðstígafé er árlegt framlag af vegafé samgönguáætlana. Megninu af reiðstígafé, 65 m.kr. af 75 m.kr., eða 87%, er úthlutað samkvæmt áætlun sem gerð er af LH með samþykki Vegagerðarinnar. Eftirstöðvum hefur undanfarin ár verið ráðstafað annars vegar til að standa straum af kostnaði við rekstur kortasjárinnar og skráningu reiðleiða í kortasjá, eða um 3,5-4 m.kr., og hins vegar til ófyrirséðra verkefna samkvæmt ákvörðun Vegagerðarinnar í samráði við LH.

Allar umsóknir til LH um reiðstígafé skulu berast um kortasjána einnig skal gera þar skil á greinargerðum vegna reiðstígaframkvæmda.



Mynd 8-1 Reiðstígafé í m.kr. 2012 til 2022.

Reiðstígafé í m. kr. 2013 - 2022				
Ár	Umsóknir hestamannafélaga	Úthlutun af vegafé	Framlag sveitarfélaga	Fé til ráðstöfunnar
2013	250	60	31	91
2014	310	60	52	112
2015	303	60	63	123
2016	256	60	69	129
2017	274	60	67	127
2018	306	60	65	125
2019	322	75	76	151
2020	319	75	72	147
2021	297	125	66	191
2022	420	125	64	189
Samtals	3057	760	625	1385

Tafla 8-1 Reiðstígafé, þróun á tímabilinu 2013 - 2022

Í töflunni er eingöngu sýnt framlag sveitarfélaga tengt umsóknunum um reiðstígafé.

Önnur framlög sbr. framkvæmdir í tengslum við hesthúshverfi eru alfarið utan við þetta.

Allar leiðbeiningar og form vegna umsókna um fé til reiðstígaframkvæmda er að finna í Kortasjá LH

[Umsókn um reiðstígafé - leiðbeiningar](#)

Slóð á Framkvæmdasjóð ferðamannastaða:

<https://www.ferdamalastofa.is/umsoknir>

Slóð á kynningarmyndband vegna umsókna úr sjóðnum:
<https://www.youtube.com/watch?v=vwhqKTuhNyA&feature=youtu.be>

8.2.2 Umsóknir

Umsóknareyðublöð vegna umsókna um reiðstígafé eru að finna í kortasjónni og einnig eru þar Exel form fyrir greinargerðir vegna reiðstígaframkvæmda og reiknivél til að auðvelda útreikninga vegna umsóknanna.

Á umsóknareyðublöðunum sem eru á Exel formi eru fjórir flipar. Á þeim fremsta skal gera grein fyrir framkvæmdaáætlun í reiðstígagerð til fjögurra ára, á öðrum flípanum er umsókn ársins, á þriðja flípanum er umsókn til ferðaleiða og á fjórða flípanum eru skýringar.

Ferðaleiðir eru þær reiðleiðir sem eru jafnan mest farnar s.s. Þingvallaleið, á Löngufjörur o.þ.h. reiðleiðir sem eru í umsjón hestamannafélags á viðkomandi svæði.

Sem að framan greinir þá hafa árleg framlög til reiðstíga verið 75 m.kr. undanfarin ár. Umsóknir hestamannafélaganna hafa hins vegar verið um og yfir 300 m.kr. á ári og því ekki verið hægt að veita fé til allra þeirra verkefna sem sótt er um hverju sinni. Stöðugt er unnið að því af hálfu LH að fá þessi framlög hækkuð.

8.2.3 Framlag sveitafélaga

Framlög sveitarfélaga til reiðstígagerðar hafa aukist talsvert á undanförunum árum. Fyrst og fremst er um að ræða reiðstígagerð innan hesthúsahverfa og í nánasta umhverfi þeirra, samfara uppbyggingu annarar aðstöðu fyrir hestamannafélög í viðkomandi sveitarfélagi. Einnig hafa sveitarfélög lagt fé af mörkum við almenna reiðstígagerð (héraðs- og stofnleiðir), sér í lagi þar sem áhersla er lögð á ferðapjónustu sem atvinnugrein.

Við úthlutun af reiðstígafé hefur mótframlag úr héraði verið litið jákvæðum augum. Árlegt mótframlag sveitarfélaga er ærið mismunandi, sumstaðar getur það numið til jafns á við úthlutuðu reiðstígafé eða meira, þá er ekki meðtalin uppbygging á hesthúsasvæðunum þar sem almennt hefur ekki verið veitt í hana fé af því reiðstígafé sem LH úthlutar.

8.2.4 Aðrar fjármögnunarleiðir

Aðrar fjármögnunarleiðir eru fyrst og fremst í formi sjálfboðavinnu og framlags landeigenda. Fulltrúar hestamannafélaga um land allt hafa gegnum tíðina lagt til vinnu og tæki við reiðstígagerð og drýgt þannig framlag af úthlutuðu reiðvegfé. Færst hefur í aukana að landeigendur leggi til land undir reiðstíga án endurgjalds, einkum þegar um er að ræða flutning á reiðstígum frá akvegum landsins og því út fyrir vegsvæði Vegagerðarinnar.

8.2.5 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða er í umsjón Ferðamálastofu sem veitir styrki til uppbygginga á ferðamannastöðum, dæmi eru um að hestamannafélög hafi fengið úthlutanir úr sjóðnum til uppbygginga á áningargerðum og mannvirkjum sem tengjast reiðleiðunum.

Opið er fyrir umsóknir um styrki í októbermánuði ár hvert og er auglýst sérstaklega. Umsóknir sem berast eftir auglýstan umsóknarfrest eru ekki teknar gildar. Hér er upplagt fyrir hestamannafélög, reiðveganefndir, LH eða hvern sem er að sækja um fjármagn til góðra verkefna t.d. áningarstaða, merkingar reiðleiða, reiðstíga, upplýsinga- og fræðsluskilta ofl.

Vegalög
nr. 80/2007

Gögn Skipulagsstofnunar
er hægt að nálgast á
slóðinni:
www.skipulag.is

Hætta er á útskolun efnis sé það of fínefnamikið og ekki leirbundið, efni sem t.d. er að mestum hluta fokmold skolast burt í vorleysingum.

Afvötnun reiðstígs er grundvallar atriði !

Þar sem fínefnamikið efni er fræst og mulið þarf að huga sérstaklega að afvötnun reiðstígsins og hugsanlega að bæta muldu grófara efni í yfirborðslagið.

9. FRAMKVÆMDIR

Þegar kemur að framkvæmdum við reiðstígagerð er gert ráð fyrir að þegar hafi verið ákveðið hvar reiðstígurinn eigi að liggja. Hönnun reiðstígs skal liggja fyrir og þar skal m.a. koma fram kostnaðar- og tímaáætlun, ásamt skilgreiningu um gerð og uppbyggingu reiðstígsins.

Forsenda fyrir úthlutun af reiðstígafé er að reiðstígurinn sé skv. gildandi skipulagi viðkomandi sveitarfélags. Afla þarf framkvæmdaleyfis frá viðkomandi sveitarstjórn. Framkvæmdaleyfi fyrir reiðstígagerð getur sveitarstjórn veitt á grundvelli svæðisskipulags, aðalskipulags og/eða deiliskipulags, sjá leiðbeiningablað Skipulagsstofnunar nr. 7 um framkvæmdaleyfi. Til grundvallar framkvæmdaleyfi þarf að liggja fyrir samþykki Vegagerðarinnar fyrir reiðstíg innan veghelgunarsvæðis skv. 32. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Þar sem engin skipulagsáætlun er í gildi þarf að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga. Sjá leiðbeiningablað Skipulagsstofnunar nr. 1 um leyfi til framkvæmda án þess að fyrir liggi aðalskipulag eða deiliskipulag. Gögn sem fylgja þurfa umsókn um framkvæmdaleyfi er lýst í leiðbeiningablaði Skipulagsstofnunar nr. 7.

Framkvæmdaraðili þarf m.a. að huga að eftirfarandi:

- Hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun í þeim tilvikum sem reiðstígagerð er á svæðum sem falla undir lög um náttúruvernd, s.s. friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá og svæði sem njóta verndar skv. 37. gr. laganna.
- Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda á friðlýstum svæðum.
- Hafa þarf samráð við viðeigandi aðila á þeim svæðum sem njóta verndar skv. sérlögum.
- Hafa þarf samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi upplýsingar um fornleifar.

Almennt koma tvær leiðir til greina fyrir framkvæmdir við reiðstígagerð:

- Eigin framkvæmd
- Útboð á verkinu

Hér á eftir er gerð grein fyrir meginatriðum við báðar framkvæmda- aðferðirnar og ennfremur skýrt frá mikilvægum atriðum er varða eftirlit með framkvæmdum og úttektir á verkum.



Mynd 9-1 Steinbrjótur í reiðstígagerð á Þingvallaleið. Mynd Jóhannes Oddsson.

9.1 Eigin framkvæmd

Þegar viðkomandi hestamannafélag eða reiðveganefnd þess ætlar sjálft að standa að framkvæmdum gilda í raun sömu atriði og við útboð, huga þarf að því hvernig félagið getur unnið verkið, hvaða tækjabúnað menn hafa til þess að vinna verkið, hvaða mannafla og tíma o.s.frv.

Hafa skal eftirfarandi í huga:

- Samþykkt hönnun liggi fyrir, þar komi fram að lágmarki; staðsetning, breidd og lagþykkt.
- Kostnaðaráætlun liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin.
- Skipa verkefnisstjóra (t.d. formann reiðveganefndar).
- Gera verkáætlun (tímaáætlun).
- Finna efnisnámu, hentuga og í sem stystri fjarlægð.
- Ráða vélamenn/verktaka til verksins og fylgjast með framvindu þess.
- Unnið skal skv. útsettri hönnun.
- Verkið skal innmælt og borið saman við hönnun.
- Taka verkið út fyrir lokauppgjör við vélamenn/verktaka.

9.2 Útboð

Reiðveganefnd eða stjórn viðkomandi hestamannafélags skal sjá um að skrifuð séu stuttorð og hnitmiðuð útboðsgögn fyrir þá reiðstígagerð sem fyrir höndum er og fjárveiting hefur fengist fyrir. Helstu þættir útboðsgagna eru:

- **Almennar upplýsingar um verkið**

Hér kemur fram hver býður verkið út, almenn lýsing á því, hver verktíminn er o.s.frv. Koma þarf fram ef verkkaupi (viðkomandi hestamannafélag) leggur verktaka eitthvað til verksins, s.s. efni í námu. Einnig kemur hér fram hvernig greitt skuli fyrir unnið verk.

Hér kemur fram hver er umsjónarmaður verksins f.h. verkkaupa og svarar fyrir hans hönd varðandi verkið.
- **Verklýsingar**

Hér kemur fram hvers konar reiðstíga er verið að bjóða út, hvernig uppbygging þeirra er, lagskipting og lagþykktir, kröfur til efna sem nota á og upplýsingar um aðgengilegar námur. Má í þessu samhengi vísa til kafla 4, Hönnun reiðstíga, hér að framan. Gott er að fram komi hvaða staðlar og reglugerðir gildi fyrir verkið, en þar er fyrst og fremst um að ræða ÍST 30, sem er íslenskur staðall um verkframkvæmdir, og verklýsingu Vegagerðarinnar, Alverk 95.

- **Teikningar**

Hér koma fram allar þær teikningar sem máli skipta, s.s. leiðarkort, snið og sérmyndir.

- **Magnskrá / tilboðsskrá**

Hér koma fram upplýsingar um allar áætlaðar magntölur og greiðsluliði í verkinu, hve mikið magn er áætlað af efni af hverri gerð (oftast rúmmetrar), hver heildarflötur reiðstígar er og/eða hver heildarlengdin er. Tilboðsskrá þarf að vera unnt að bera saman við kostnaðaráætlun verksins.

Dæmi um útboðslið fyrir reiðstígagerð í útboðsgögnum fyrir vegagerð eru á bls. 50 og í fylgiskjali 6 er dæmi um verksamning.

Um framkvæmd útboðs er fjallað í ÍST 30 og ber að fara eftir þeim staðli. Hægt væri að viðhafa svokallað lokað útboð þar sem útboðsgögnum er komið í hendur nokkurra framkvæmdaaðila/verktaka sem talið er að gætu framkvæmt verkið og óska eftir tilboðum eða auglýsa opið útboð.

Að loknu mati á tilboðum skal semja um verkið við lægstbjóðanda uppfylli hann öll sett skilyrði. Mjög mikilvægt er að gera skriflegan samning við verktaka. Skriflegur verksamningur er nauðsynlegur til að skilgreina og tryggja réttarstöðu hvors samningsaðila um sig, verktaka og verkkaupa, hver þeirra ábyrgð er og þáttur í framkvæmd verksins. Komi upp deilur við framkvæmd verks geta afleiðingar verið afdrifaríkar ef skriflegur samningur liggur ekki fyrir.

Samningurinn byggir á útboðsgögnum og á tilboði verktaka. Hafi einhverjar veigamiklar nýjar upplýsingar komið fram á útboðsstigi er rétt að þær komi fram í samningi. Á samningsstigi er mikilvægt báðir aðilar komi sér saman um verkáætlun, sem sé árituð af báðum og höfð sem fylgiskjal með verksamningi.



Mynd 9-2 Frágenginn reiðstígur, uppbyggður með styrkingarefni, unnið reiðstígaefni sem slitlag og grjóthreinsaðir fláar.



9.3 Framkvæmdir – útfærslumöguleikar

Algengast er að bjóða út framkvæmdir við reiðstígagerð eða semja við vana verktaka á viðkomandi svæði sem hafa til umráða öll nauðsynleg tæki. Það hefur aukist að mylja efsta lag í reiðstígnum á staðnum og nota til þess svo kallaðan steinbrjót sem til er hjá Vegagerðinni og mörgum verktökum. Slík framkvæmd getur verið hagstæð lausn í stað þess að keyra að efni í efsta hluta stígsins ef langt er að sækja efnið.

9.3.1 Steinbrjóturinn Mjölurinn

Í reiðstíga hefur oft verið notað hættulega gróft efni í yfirborð þar sem ásættanlegt efni hefur ekki verið til staðar án verulegs kostnaðar. Nú eru til hentug verfæri til að vinna efni á staðnum, þetta eru svokallaðir steinbrjótar og henta þeir mjög vel við gerð reiðstíga þar sem hægt er að mylja grjót og gróft malarefni niður þannig að úr verði hæfilega gróft slitlag.



Héraðsleiðir og stofnleiðir (sumarleiðir) sem grýttar eru ættu að liggja sérlega vel við slíkri vinnslu en steinbrjótar eru sérstaklega hentugir þar sem erfitt er efnisöflunar vegna reiðstígagerðar eða um langar leiðir að fara með efni. Einnig þar sem krafa er um sem minnst spjöll við reiðstígagerðina.

Mynd 9-3 Brottromla steinbrjóts

Steinbrjótar eru yfirleitt með 200 cm vinnslubreidd og skilar efninu afturúr sér í 150 cm breidd. Vinnsludýpt er allt að 15 cm. Stærsta steinstærð getur verið um 40 cm.

Forvinnsla - undirbúningur

Hugsanlega þarf að fjarlægja stórgrýti eða jarðfasta stóra steina úr slóðinni með traktorsgröfu. Ekki er talið ráðlegt að nota steinbrjót annars staðar, en þar sem hægt er að mylja yfirborðsgrjót saman við annan jarðveg. Hugsanlega þarf að ýta saman efni í röst eða bæta í efni til að fá hæfilega blöndu til vinnslu. Ef einungis grjót er mulið sem blandast ekki öðrum jarðvegi (leir- eða moldarkenndum) gæti útkoman orði mulningur með oddhövssum steinvölum sem hæglega gætu orsakað slys á fótum hrossa. Æskilegt er að valta á eftir brjótnum þar sem því verður viðkomið.

Eftirvinnsla - frágangur

Huga þarf að afrennsli vatns og að ekki safnist vatn við eða á reiðstígnum. Þar sem krafa er um að undirlag reiðstígsins sé frostfrítt og burðarmikið t.d. í og við þéttbýli eða þar sem ástundun hestamennskunnar er mikil, skal byggja undirlag reiðstígsins þannig að hann beri nauðsynlega þjónustuumferð. Ekki er gerð sama krafa um burðargetu og sérstaklega unna reiðstígablöndu í yfirborðsefni reiðstíga utan þéttbýlis.

← Frá Þingvallaleið, mynd Jóhannes Oddsson

9.3.2 Dæmi úr útbodsgögnum

Eftirfarandi dæmi eru úr útbodsgögnum um vegaf framkvæmdir.

Í þessum dæmum er m.a. vísað í teikningar og fylgiskjöl sem fylgja í útbodslýsingu en eru ekki með í þessu hefti.

Dæmi A:

- a) Verkpátturinn innifelur lagningu reiðstíga, breidd 2,5 m, á þeim stöðum sem fram koma í töflu í fylgiskjali Fx. Verktaki skal leggja til efni í malarslitlag.
- b) Malarslitlag skal uppfylla kröfur samkvæmt mynd xx, Markalínur steinefna í malarslitlag bls. 53 í Alverk 95, með því fráviki að stærstu steinar mega vera allt að 25 mm. Brot efna skal vera í lágmarki og ekki er heimilt að nota egghvasst grjót eða ílangt né flögótt með hvassar brúnir.
- c) Á svæði NN er mótuð reiðleið sem skal styrkja með 150 mm lagi af mól, breidd 2,5 m auk 50 mm malarslitlags. Á svæði NN2 þarf að jafna undir reiðvegi, styrkja með 250 mm malarlagi, styrkingarefni, og setja síðan 50 mm malarslitlag.
- d) Mælieining er m (lengdarmetrar hannaðs reiðstígar).
Magn malar er áætlað alls 3.500 m³.
Magn malarslitlags er áætlað 900 m³.

Dæmi B:

- a) Verkpátturinn innifelur lagningu reiðstígs, breidd 2,5 m, á Goðhamraleið, lengd 1000 m, sem sýnd er á teikningu A.
- b) Efstu 50 mm efnisins skulu uppfylla skilyrði Alverks 95 um malarslitlag, þó þannig að stærstu steinar mega vera allt að 25 mm, brot efna skal vera í lágmarki og ekki er heimilt að nota egghvasst grjót eða ílangt né flögótt með hvassar brúnir.
- c) Jafna þarf undir reiðstíg, styrkja með 300 mm malarlagi, styrkingarefni og setja síðan 100 mm malarslitlag.
- d) Mælieining er m (lengdarmetrar hannaðs reiðstígs).
- e) Heildarmagn malar í styrkingu er áætlað alls 750 m³.
Magn malarslitlags er áætlað 250 m³.

Sjá nánar dæmi um útbod á fylgiskjali 7.

9.4 Eftirlit og úttekt

Eftirlit með framkvæmd skal vera í höndum til þess hæfra aðila. Eftirlitsmaður er fulltrúi verkkaupa gagnvart verktaka. Algengt er að við stærri verk sé samið við eftirlitsaðila um tímavinnu, en einnig er hugsanlegt að semja um eftirlit fyrir fasta upphæð.

Mikilvægt er að skilgreina hlutverk eftirlitsaðilans og áætla umfang vinnu hans áður en verk hefst. Vel getur reynst að njóta aðstoðar fulltrúa Vegagerðarinnar vegna efnisvals og eftirlits með framkvæmd.

Mikilvægt er að sá sem valinn er til eftirlits hafi reynslu af jarðvinnu og þekkingu á hvaða efni henti best í reiðvegi.

Samhliða framkvæmd verks þarf að fylgjast náið með einstökum þáttum þess. Helst má nefna að tryggja;

- að stígur sé lagður á réttum stað,
- að rétt efni sé notað, að það sé rétt lagt út,
- að lagþykkt og þjöppun sé rétt svo og yfirborðsfrágangur.

Hugsanlegt er að eftirlitsmaður telji ástæðu til að láta sannreyna lagningu reiðstígs, efnisgæði eða þjöppun með mælingum eða prófunum.

Rétt er að aðgæta sérstaklega að umgengni verktaka um umhverfi og vinnusvæði sé snyrtileg og að engar óþarfa skemmdir séu unnar á landi.

Óheimilt er að valda spjöllum á landi utan vegsvæðis.

Eftirlitsmaður fer yfir magntölur í verkinu og sannreynir að magntölur og reikningar verktaka séu réttar. Hann samþykkir reikninga verktaka til greiðslu. Við verklok skal sérstaklega gæta að því að allar magntölur séu réttar er til lokauppgjörs verksins kemur.

Fyrir einstaka áfanga verks og fyrir verkið í heild í verklok fer fram úttekt. Eftirlitsmaður, t.d. trúnaðarmaður LH, ásamt fulltrúa Vegagerðarinnar ef við á, tekur verkið út og sannreynir að það hafi verið unnið skv. verksamningi og að kröfur útboðsgagna séu uppfylltar, s.s. um að áferð og jöfnun reiðstígar sé rétt.

Telji eftirlitsmaður að einhverju sé ábótavant við framkvæmdina skal hann gera skriflega athugasemd við verktaka og halda eftir afriti til varðveislu. Framkvæmdaskýrslu, skilagrein, sem gerð er í lok verks áður en verktaki yfirgefur svæðið, skal skila inn til skrifstofu LH, sé framkvæmdin fjármögnuð af reiðstígafé.

Ef breytingar eru gerðar á verki eða verksamningi skulu þær vera skriflegar, kostnaðarmetnar og undirritaðar af þeim sem ber ábyrgð á greiðslum og fjármálum verksins.

Lög, nýjustu útgáfur,
er hægt að nálgast á
heimasíðu Alþingis,
lagasafni, á slóðinni
www.althingi.is

Eftirfarandi eru tengingar í
þau lög sem vitnað er til í
þessu hefti og í gildi eru við
útgáfu þess.

- Vegalög
[nr. 80/2007](#)
- Girðingarlög
[nr. 135/2001](#)
- Umferðarlög
[nr. 77/2019](#)
- Skipulagslög
[nr. 123/2010](#)
- Skipulagsreglugerð
[nr. 90/2013](#)
- Lög um umhverfismat
framkvæmda og áætlana
[nr. 111/2021](#)
- Reglugerð um
umhverfismat framkvæmda
og áætlana
[nr. 1381/2021](#)
- Lög um náttúruvernd
[nr. 63/2013](#)
- Lög um menningarminjar
[nr. 80/2012](#)

10. LAGAÁKVÆÐI

10.1 Um reiðstíga og hestaumferð

Helstu lög (með síðari breytingum) og reglugerðir sem fjalla um reiðvegi og hestaumferð eru:

- Vegalög nr. 80/2007
- Umferðarlög nr. 77/2019
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Skipulagsreglugerð nr. 400/1998
- Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
- Reglugerð umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021
- Lög um náttúruvernd nr. 63/2013
- Þjóðminjalög nr. 107/2001

10.2 Flokkun vega samkvæmt vegalögum

Flokkun vega í meginráttum

Í vegalögum er vegakerfi landsins flokkað í fjóra meginflokka. Þeir helstu eru þjóðvegir, sveitarfélagsvegir, einkavegir og almennir stígar. Samkvæmt vegalögum falla reiðvegir undir almenna stíga og eru þar nefndir reiðstígar. Auk þess að vera reiðvegir og falli í flokk almennra stíga er sá möguleiki fyrir hendi að reiðvegir falli undir hugtaksskilgreiningu einkavega og mun vera nokkuð um slíkt.

Í vegalögum segir að: Reiðstígar eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna.

Í 10. gr. vegalaga eru almennir stígar skilgreindir, þar á meðal reiðstígar.

Í 26. gr. vegalaga er sérstakt ákvæði sem heimilar að í samgönguáætlun sé veitt fé til almennra reiðstíga samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samstarfi við samtök hestamanna og sveitarfélög.

Í 55. gr. vegalaga er ákvæði um vegi, sem ekki tilheyra tilteknum vegflokki. Samkvæmt 55. gr. vegalaga er heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema með leyfi sveitarstjórnar. Ákvörðun sveitarstjórnar má leggja undir úrskurð ráðherra.

10.3 Girðingarlög

Girðingar er málaflokkur sem skiptir hestamenn oft verulegu máli en um þetta gilda Girðingarlög nr. 135 frá 2001.

Einnig er fjallað um girðingar á vef Vegagerðarinnar, m.a. er þar að finna skýrsluna, [Veggirðingar, verk- og kröfulýsingar](#).

10.4 Umferðarlög

Samkvæmt 1. gr. umferðarlaga gilda þau um umferð á vegum almennt og eftir því sem við getur átt um umferð á reiðvegum. Í lögnum er kveðið á um að beita eigi reglum þeirra um umferð ökutækja og einnig um umferð hestamanna eftir því sem við á.

Í 2. gr. umferðarlaga segir, að ákvæði um umferð ökutækja gildi eftir því sem við getur átt um umferð hestamanna og búfjárrekstur.

3. gr. Skilgreiningar

31. Reiðstígur: Vegur eða stígur skipulagður af sveitarfélagi sem ætlaður er sérstaklega fyrir umferð reiðmanna á hestum og er merktur þannig.

17. gr. Notkun akbrauta

Ökumaður skal aka á akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt, göngustíg, hjólastíg og göngugötu, sbr. þó 2. mgr. 27. gr., 1. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 46. gr.

Sama á við um almenna reiðstíga sem skipulagðir hafa verið á vegum sveitarfélags og eru merktir sem slíkir.

8. gr.

Eigi má án leyfis lögreglustjóra reka búfé á vegi í þéttbýli:

Sérákvæði um rekstur hrossa og annars búfjár á vegi er í 8. gr. Umferðarlaga. Þar er kveðið á um bann við rekstri búfjár á vegi í þéttbýli. Utan þéttbýlis er búfjárrekstur á vegi heimilaður með skilyrði sem orðað er svo, að „fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.“ Skylt er rekstrarmönnum að láta rekstur víkja fyrir annarri umferð um veginn gerist þess þörf.

Umferð hestamanna um þjóðvegi sætir að öðru leyti þeim almennu takmörkunum sem settar kunna að vera á hverjum tíma. Telja verður heimilt samkvæmt umferðarlögum að takmarka eða banna umferð hestamanna um tiltekinn þjóðveg, t.d. vegna umferðaröryggis, sbr. e-lið 1. mgr. 84. gr. laganna.

Þegar slys verða vegna ákeyrslna á hross vakna spurningar um ábyrgð hlutaðeigandi hestamanns eða þess, sem ber ábyrgð á hrossarekstri annars vegar, og ábyrgð bifreiðareigandans hins vegar.

49. gr.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti, ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna, að hann geti eigi stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega.

Lög um náttúruvernd
[nr. 60/2013](#)

Lög um umhverfismat
framkvæmda og áætlana:
[nr. 111/2021](#)

Reglugerð um mat á
umhverfisáhrifum:
[nr. 1381/2021](#)

Á eignarlandi í byggð er
eiganda eða réttihafa **heimilt
að takmarka eða banna
umferð og dvöl**
á afgirtu óræktuðu landi.

Sjá nánar í 18. grein laga
um náttúruvernd:
[nr. 60/2013](#)

10.5 Lög um náttúruvernd

Lög um náttúruvernd eru nr. 60/2013 og tóku gildi 15 nóvember 2015. Í lögunum er fjallað m.a. um almannarétt, útivist og umgengni í 17. gr. einnig er fjallað sérstaklega um umferð ríðandi manna í 20.gr.

IV. kafli. Almennaréttur, útivist og umgengni.

17. gr. Réttindi og skyldur almennings.

- Almennungi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Rétti þessum fylgir skylda til að ganga vel um náttúru landsins.
- Á ferð sinni um landið skulu menn sýna landeiganda og öðrum rétt höfum fulla tillitssemi, virða hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu, og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum varðandi ferð og umgengni um landið.
- Fara skal eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum og vegum eftir því sem auðið er, hlífa girðingum, fara um hlið eða stiga þegar þess er kostur og ef farið er um lokuð hlið skal loka þeim eftir að gengið hefur verið um þau. Forðast skal að valda öðrum óþægindum og truflun með hávaða. Skyld er að gæta fyllsta hreinlætis og skilja ekki eftir sorp eða úrgang á áningarstað eða tjaldstað.
- Sérstök aðgát skal höfð í nánd við búsmala, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði. Forðast skal að eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifum eða á annan hátt.
- Almennungi er frjálst för um vegi ...¹⁾ þar sem akstur er heimill samkvæmt [skrá yfir vegi í náttúru Íslands], ¹⁾ sbr. 32. gr., með þeim takmörkunum og skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum og í vegalögum, og reglugerðum settum eftir þeim.
- För manna um landið er ekki á ábyrgð eiganda lands eða réttihafa að öðru leyti en því sem leiðir af ákvæðum annarra laga og almennum skaðabótaeignum.

20. gr. Umferð ríðandi manna.

- Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Bannað er að reka [hross] ¹⁾ yfir gróið land þannig að náttúruspjöll hljóttist af eða hætta skapist á náttúruspjöllum.
- Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín.
 - Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða réttihafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum fyrir hross, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur.
 - Þegar farið er á hestum um eða höfð viðdvöl með hross á náttúruverndarsvæði, sbr. XIV. kafla, þar sem starfandi er landvörður eða umsjónaraðili skal haft samráð við hann.
 - [Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um umferð ríðandi manna og rekstur hrossa.] ¹⁾

Ath.
NÝJAR ÚTGÁFUR

Kynnið ykkur gildandi útgáfu af lögum og reglugerðum sem gætu hafa tekið breytingum frá því sem greint er frá í heftinu.

[Lög](#)

[Reglugerðir](#)

Skipulags- og byggingarlög
[nr. 73/1997](#)

Skipulagsreglugerð
[nr. 90/2013](#)

Lög um menningarminjar
[nr. 80/2012](#)

HÆSTIRÉTTUR
ÍSLANDS

[Dómasafn](#)

Leitarvél Hæstaréttar
[Dómaleit Hæstaréttar](#)

Það er auðvelt að finna dóma á heimasíðu Hæstaréttar með því að slá inn leitarorð, t.d. orðið „reiðvegur“, koma þá upp nokkrir dómar þar sem fjallað er um reiðvegi eða nefnd orð koma fyrir í dómnum.

Í stjórnunar og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs kemur fram að för á hestum eða með hesta um þjóðgarðinn sé heimil á merktum reiðslóðum og áningarstöðum. Séu 20 hestar eða fleiri í för skal tilkynna það fyrirfram til þjóðgarðsins.

Stjórn þjóðgarðsins getur skipulagt og skilgreint fleiri reiðleiðir og áningarstaði innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn gefur út yfirlit yfir reiðleiðir og áningarstaði fyrir hesta og sýnir á útgefnum kortum þjóðgarðsins. Þeir sem hyggja á hestaferðir um þjóðgarða eða önnur friðlýst svæði ættu að kynna sér reglur sem um þau svæði gilda. Sjá t.d. nánar á <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/> Stjórnunar og verndaráætlun kafla 9.3.4. Sama á við um önnur friðlýst svæði og þjóðgarða s.s. Snæfelljökulspjóðgarð ofl.

10.6 Staða reiðstíga í skipulagi

Ekki er fjallað sérstaklega um reiðstíga í skipulagslögum. Í skipulagsreglugerð er fjallað um reiðstíga í grein 5.3.2.5.

Samgöngur.

a. Samgöngukerfi og umferðarmannvirki.

Við deiliskipulag svæða í þéttbýli, og í dreifbýli eftir atvikum, skal gera grein fyrir því samgöngukerfi sem fyrir er og fyrirhugað er skv. aðalskipulagi. Gera skal grein fyrir frekari stefnumörkun varðandi útfærslu gatnakerfis, tegund gatna, bílastæði, undirgöng, brýr, hjóla-, reið- og göngustíga, flugbrautir og hafnarmannvirki eftir því sem við á.

10.7 Lög um menningarminjar

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 voru samþykkt 29. júní 2012 og komu þá m.a. í stað Þjóðminjalaga nr. 107/2001. Ákvæði 16. og 17. gr. laganna um friðlýsingu fornminja koma til skoðunar varðandi fornmannvirki sem notuð eru fyrir hestaumferð. Óheimilt er að raska slíkum mannvirkjum á nokkurn hátt nema leyfi fornleifanefndar komi til.

10.8 Hæstaréttardómar

Í dómi Hæstaréttar frá 15. nóvember 1985 var fjallað um óhapp þegar ekið var á hross í rekstri á Eyjafjarðarbraut vestri neðan við Kristnes. Slæmt skyggni var, snjócoma og hált á vegi. Fyrir rekstrinum fóru tveir menn í glitvestum. Ökumaður varð var við reksturinn en var ekki talinn hafa brugðist rétt við og var því dæmdur ábyrgur fyrir óhappinu.

Í dómi Hæstaréttar frá 11. október 1989 var fjallað um óhapp á Upphéraðsvegi í svonefndri Hlíð á leið til Egilsstaða. Óhappið varð þegar knapi reið einhesta eftir veginum. Bifreið kom á móti á blindhæð og keyrði á hestinn. Talið var sannað, að bifreiðinni hafi verið ekið á a.m.k. 55–60 km hraða sem hafi verið of mikill hraði miðað við aðstæður. Hins vegar var talið sannað að hestinum hafi verið riðið á vinstri vegarhelmingi og því var knapinn talinn meðábyrgur vegna slyssins. Var ábyrgð skipt milli eiganda bifreiðar og knapa þannig að knapinn taldist bera 1/3 en bifreiðareigandinn 2/3.

11. GÁTLISTAR

Hvernig sem staðið er að reiðstígagerð má segja að mikilvægt sé að hafa eftirfarandi atriði í huga:

11.1 Undirbúningsatriði

- Formaður svæðisbundnar reiðveganefndar er trúnaðarmaður LH við Vegagerðina á viðkomandi svæði.
- Kynningarferli sveitarfélaga á skipulagi:*
Hestamannafélag kynni sér tillögur á lokastigi, yfirfari þær og geri athugasemdir ef þurfa þykir á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags
- Meðferð athugasemda, kæruaðili:*
Skipulagsstofnun, umhverfisráðherra.
- Er reiðstígur á samþykktu skipulagi?
- Liggur fyrir samþykki sveitastjórnar?
- Liggur fyrir samþykki veghaldara skv. 32 gr. vegalaga?
- Þarf að ræða við landeigendur?
- Hafa samráð við Umhverfisstofnun.
- Hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi upplýsingar um fornleifar.
- Hafa samráð við viðeigandi aðila á þeim svæðum sem njóta verndar skv. sérlögum.
- Hvernig á að fjármagna verkið – frummat á fjármögnun.
- Viðmiðunarreglur LH við úthlutun
- Hönnun verksins.
- Hvar á að fá efni í slitlag.
- Hvar á að fá efni í styrktarlag.
- Fá heimild til efnistöku.
- Merkingar.
- Áningarstaðir.
- Beitarhólf.
- Kostnaðaráætlun.
- Er fjármögnun verksins tryggð?
- Form framkvæmdar, útboð eða eiginframkvæmd.
- Skriflegur samningur við verktaka.
- Umsjón og eftirlit

11.2 Framkvæmdaratriði

- Hvaða tæki eru til umráða til þess að nota við verkið.
- Hvaðan á að fá styrktarlagsefni í reiðstíginn.
- Hvaðan á að fá slitlagsefni í reiðstíginn.
- Þarf að hreinsa vegsvæðið.
- Þarf að girða meðfram reiðleiðinni.
- Þarf að leggja ræsi.
- Hvernig og hver á að merkja, hvar fást merkin.
- Slétta yfirborð undir fyllingar, þúfur og ójöfnur teknar af.
- Þjappa burðarlag.
- Víða er nægjanlegt að hafa eitt malarlag frekar en tvö, ekki síst þar sem fyrst og fremst er um sumarleiðir að ræða.
- Það getur verið heppilegt þegar byggt er á veiku undirlagi að keyra út efni þegar undirstaðan er frosin, þannig að hún þoli álag frá umferð vinnuvéla. Einnig þarf að jafna yfirborð áður en jörð frýs.
- Þegar farið er um mýrlendi skal forðast að skerða grasrótina. Heil grasrót virkar sem sía á milli malar og moldar og kemur í veg fyrir efnisblöndun. Tilraunir hafa verið gerðar með plastristar, t.d. Ecogrid, í votlendi með ágætum árangri.
- Í sumum tilfellum getur verið heppilegt að nota síudúk undir fyllingu á afmörkuðum svæðum, þetta á sérstaklega við þar sem farið er yfir votlendi og léleg rót er í yfirborðsjarðvegi.

12. FRAMKVÆMDASKÝRSLA

Þeim sem taka við Reiðstígafé, úthlutuðu af Reiðvega- og samgöngu-nefnd LH, ber að gera árlega grein fyrir stöðu hvers verkefnis og hvernig úthlutuðu fé hefur verið varið. Framkvæmdaskýrsla skal vera yfirfarin og staðfest af formanni reiðveganefndar svæðisins og skilast til skrifstofu LH fyrir

31. desember ár hvert. Framkvæmdaskýrsla skal gera fyrir hvert sjálfstætt verkefni með því að fylla út þar til gerða töflu um skil á greinargerðum sem er á excel formi:

Hægt er að nálgast excel skjal um skil á greinargerðum í Kortasjá LH.

Sjá nánar um form framkvæmdaskýrslu á fylgiskjali 9.

Umferðarreglur fyrir hestamenn

Umferðarreglur fyrir hestamenn**Í þéttbýli**

1. Hestamenn víkja til hægri á reiðleiðum.
2. Hestar sem eru teymdir skulu ávallt vera hægra megin og ekki fleiri en tveir (þrír til reiðar).
3. Reiðhjálmar eru sjálfsögð öryggistæki.
4. Endurskinsmerki í skammdegi veita hestum og mönnum aukið öryggi.
5. Lausir hundar eru ekki leyfilegir á reiðleiðum og í hesthúsaahverfum.
6. Áfengi og útreiðar fara ekki saman.
7. Sýnum tillitsemi, ríðum ekki hratt á móti eða aftan undir aðra reiðmenn.
8. Fari margir hestamenn saman í hóp skal ríða í einfaldri röð ef umferð er á móti.
9. Ríðum á reiðvegum og slóðum þar sem því verður viðkomið.
10. Teymum hesta, rekstrar eru bannaðir í þéttbýli.

Sýnum ábyrgð, tillitssemi og varúð !

Við erum ekki ein

Sleppitúrar og ferðalög

1. Almennungi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt.
2. Á ferð um landið sýnum við landeiganda og öðrum rétthöfum lands fulla tillitssemi, virðum hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu, fylgjum leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum varðandi ferð og umgengni um landið.
3. Ferðumst eftir merktum og skilgreindum leiðum, stígum og vegum eftir því sem auðið er, virðum girðingar, förum um hlið og gætum þess að loka þeim á eftir okkur. Sérstök gát skal höfð í nánd við búsmala, varplönd fugla, selalátur, veiðisvæði og veiðistaði.
4. Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðleiðum, stígum, eins og kostur er. Á ferð um hálendið og önnur lítt gróin svæði skal flytja með sér eða kaupa fóður handa hrossum í náttstað. Gæta skal að því að flytja ekki hey á milli sauðfjárveikivarnarhólfa.
5. Í þjóðgörðum og á öðrum friðlýstum svæðum skal haft fullt samráð við þjóðgarðs-, og landverði eða umsjónarmann svæðisins um tilhögun ferðar og hlíta þeim reglum sem gilda um þau svæði.
6. Ábyrgur rekstrarstjóri skal fara fyrir hópi reiðmanna með lausa hesta.
7. Sýnum tillitssemi og varúð, lög um náttúruvernd eru lög í þágu hestamanna og landsins.

*Landssamband hestamannafélaga
Reiðvega- og samgöngunefnd*

Sáttmáli hestamanna og annarra vegfarenda

SÁTTMÁLI

HESTAFÓLKS og



KNAPI ER TIL FYRIRMYNDAR Í UMFERÐINNI MEÐ ÞVÍ AÐ...

1. fara að umferðarlögum og öðrum þeim reglum sem gilda
2. fylgja eigin umferðar- og umgengnisreglum og sýna ábyrgð og tillitsemi
3. vera vakandi fyrir umhverfinu, sýna ábyrgð, kurteisi og tillitssemi
4. virða mikilvægi samvinnu og setja sig í spor annarra vegfarenda
5. virða sérstöðu hjólandi- og gangandi annarsvegjar og annarrar umferðar hinsvegjar.

KNAPI...

1. sýnir ávallt varúð óháð forgangi
2. leitar eftir augnsambandi við stjórnendur annarrar umferðar
3. er meðvitaður um skert sjónsvið stjórnenda bifreiða
4. nýtir sér þá vegi, götur og stíga, sem ætlaðir eru honum, og gætir sérstakrar varúðar á sameiginlegum stígum
5. er meðvitaður um mögulega hættu á svæði sem hann sér ekki yfir
6. kynnir sér öruggustu leiðina miðað við aðstæður
7. hefur í huga að aðrir vegfarendur eru á öllum aldri og misvanir
8. notar endurskin til að auka sýnileika við aðstæður sem þess krefjast
9. gætir sérstakrar varúðar á svæði þar sem lausaganga hunda er leyfð
10. skilur sérstöðu annarra vegfarenda, hægir á sér og stoppar í öryggisskyni þar sem við á

Að sáttmálanum koma:

Bifhjólasamtök Lýðveldisins, Sniglar
Fákur hestamannafélag
Ferða- og útivistarfélagið Slóðavinir
Félag ábyrggra hundaeigenda
FÍB – Félag íslenskra bifreiðaeigenda
FRÍ – Frjálsípróttasamband Íslands

Hjólreiðasamband Íslands
Landssamband hestamannafélaga
Landssamband hjólreiðamanna
Samgöngustofa
Skíðasamband Íslands
Vegagerðin
Ökukennarafélag Íslands



ANNARRA VEGFARENDA

VEGFARENDUR ERU TIL FYRIRMYNDAR MEÐ ÞVÍ AÐ...

1. fara að umferðarlögum og öðrum þeim reglum sem gilda
2. fylgja eigin umferðar- og umgengnisreglum og sýna ábyrgð og tillitsemi
3. vera vakandi fyrir umhverfinu, sýna ábyrgð, kurteisi og tillitssemi
4. virða mikilvægi samvinnu og setja sig í spor hestafólks og annarra vegfarenda
5. virða sérstöðu hestafólks annarsvegar og annarrar umferðar hinsvegar

GANGANDI, HLAUPANDI, HJÓLANDI, SKÍÐANDI OG AKANDI...


1. sýnir ávallt varúð óháð forgangi
2. er meðvitaður um mögulega styggð hestsins og leitar eftir augnsambandi við knapa
3. gætir þess að vera sýnilegur og hefur vítt sjónsvið hestsins í huga
4. nýtir sér þá vegi, götur og stíga, sem ætlaðir eru honum, og gætir sérstakrar varúðar á sameiginlegum stígum
5. er meðvitaður um mögulega hættu á svæði sem hann sér ekki yfir
6. gætir þess að óvænt hljóð, vélahljóð, flaut, hróp og snöggt viðbragð getur fælt hestinn
7. hefur í huga að hestar og knapar eru á öllum aldri og misvanir
8. notar endurskin og/eða ljós til að auka sýnileika við aðstæður sem þess krefjast
9. heldur hundi að sér og hefur hann helst í taumi
10. skilur sérstöðu hestafólks, hægir á sér og stoppar í öryggisskyni þar sem við á



Sjá nánar:

- [Upplýsingasíðu Samgöngustofu](#)
- [Fræðslumyndband](#)
- [Og eldra myndband](#)

Skipurit Reiðvega- og samgöngunefndar LH




Reiðveganefndir LH starfa innan landshlutasvæða Vegagerðarinnar, tvær á hverju svæði, að undanskildu SV-svæði en þar er ein nefnd.

Samskiptaferli reiðveganefnda við Vegagerðina

Reiðveganefndir eiga að senda erindi til svæðisstjóra hvers svæðis sem mun annaðhvort afgreiða málið eða fela einhverjum öðrum verkefnið en þar gæti t.d. komið til þjónustustjóri í viðkomandi landshluta.

Svæðaskipulag Vegagerðarinnar



Vegagerðin hefur skipt landinu niður í fimm svæði sem hefur hvert sinn svæðisstjóra en hann hefur m.a. yfirumsjón með hönnun og öllum framkvæmdum á viðkomandi svæði.

Starfslýsing fyrir reiðveganefndir landsvæða

Í hverju umdæmi Vegagerðarinnar eru starfandi hestamannafélög og hafa reiðveganefndir þeirra samstarf sín á milli. Tvær samstarfsnefndir reiðveganefnnda eru í hverju umdæmi Vegagerðarinnar að undanskildu höfuðborgarsvæði þar sem er ein samstarfs reiðveganefnd. Formenn reiðveganefnnda skipa Reiðvega- og samgöngunefnd LH. Skulu þeir ásamt fulltrúum Vegagerðarinnar skipa samstarfsnefnd í umdæminu, tveir frá hvorum aðila. Samstarfsnefndin leggur mat á þarfir framkvæmda við reiðstígagerðina.

Ágreiningi sem upp kann að koma innan samstarfsnefndar, er heimilt að vísa til forstjóra Vegagerðarinnar eða fulltrúa hans og stjórnar LH, sem ber að fjalla sameiginlega um ágreiningsmál og leita lausnar á þeim.

- ❑ Landinu skal skipt í svæði samkvæmt svæðaskiptingu Vegagerðarinnar og reiðveganefndir skipaðar á hverju þeirra.
- ❑ Reiðveganefndirnar skulu skipaðar einum fulltrúa frá hverju hestamannafélagi innan hvers svæðis.
- ❑ Deildarskipta skal innan svæða þannig að tvær reiðveganefndir starfi innan hvers svæðis, undantekningar má þó gera að höfðu samráði við Reiðvega- og samgöngunefnd LH.
- ❑ Reiðveganefndirnar velja sér formann, LH getur þó skipað formann náist ekki sátt um annað.
- ❑ Reiðvega- og samgöngunefnd LH skal skipuð formönnum reiðveganefnnda hvers svæðis.
- ❑ Stjórn LH skipar formann Reiðvega- og samgöngunefndar.
- ❑ Reiðveganefndirnar skulu í samstarfi við Vegagerðina vinna að skráningu reiðstíga og reiðleiða á sínu svæði og viðhaldi henni.
- ❑ Reiðveganefndirnar vinna að framkvæmdaáætlun reiðstíga á sínu svæði til a.m.k. fjögurra ára í senn.
- ❑ Reiðveganefndirnar sækja um reiðstígafé ár hvert til LH. Umsóknir skulu byggðar á fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun.
- ❑ Reiðveganefndirnar skulu skila inn framkvæmdaskýrslu ár hvert til skrifstofu LH um þegar unnin verk og gera grein fyrir úthlutuðu fjármagni til reiðstígagerðar innan síns svæðis, sbr. Leiðbeiningarþéttur um gerð og uppbyggingu reiðstíga.
- ❑ Reiðveganefndir sem ekki skila inn framkvæmdaskýrslum og/eða greinargerð um stöðu reiðstígaframkvæmda fá ekki úthlutað af reiðstígafé við næstu úthlutun.
- ❑ Reiðveganefndirnar skulu efla tengsl við Vegagerðina, m.a með fundi a.m.k. einu sinni á ári með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar á viðkomandi svæðum þar sem farið er í gegnum framkvæmdaáætlanir.
- ❑ Reiðveganefndirnar kynna Vegagerðinni sínar reiðstígaáætlanir.
- ❑ Reiðveganefndirnar skulu efla samstarf við stjórnir sveitafélaga, sér í lagi á sviði skipulagsmála og fylgjast vel með í sínu umdæmi er varðar áætlanagerðir fyrir reiðstíga, reiðleiðir og áningarhólf.
- ❑ Verði ágreiningur innan reiðveganefnnda er fulltrúum hestamannafélaga heimilt að skila inn séráliti til LH. Reiðvega- og samgöngunefnd mun úrskurða í slíkum málum.

Samkomulag Vegagerðarinnar og LH

1. grein

Samkomulag þetta er gert milli **Vegagerðarinnar**, kt. 680269-2899, sem og **Landssamband hestamannafélaga** (LH) kt. 540674-0279, um gerð og útfærslur reiðstíga með stofn- og tengivegum sem lagðir eru bundnu slitlagi.

2. grein

Þegar stofn-, tengi- og landsvegir eru lagðir bundnu slitlagi, sem áður hefur einnig nýst sem reiðstígur og er sem slíkur í gildandi skipulagi viðkomandi sveitarfélags, skal þess gætt að gerður sé reiðstígur eða reiðfær leið samhliða framkvæmd um að setja bundið slitlag á veg. Ávallt skal leitast við að reiðleiðin sé eins fjarri veginum og við verður komið.

3. grein

Reiðfært telst vera slóð eða gata sem er fær ríðandi umferð, hindrunum hefur verið rutt úr vegi og fyrirstöður eru fjarlægðar, þ.e. grjóti rutt úr vegi, ræsi framlengt eða sett í skurði, malarlag sett þar sem þörf er á og leiðin sé greiðfær að sumarlagi.

Reiðstígurinn er hugsaður til notkunar fyrir almennt hestafólk en ekki sem þjálfunarbrautir atvinnufólks í hestaípróttum þar sem gerðar eru meiri kröfur til undirlags og frágangs. Til viðmiðunar skal stuðst við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og LH „**Reiðstígar gerð og uppbygging**“ önnur útgáfa apríl 2022. Miðað er við gerðir reiðstíga sbr. grein 5.1 Reiðstígar við umferðarminni vegi í og við þéttbýli verði stuðst við gerð B og í dreifbýli verði af gerðinni C og D eftir atvikum.

Við uppbyggingu á reiðstígum að gerð B kostar Vegagerðin uppbyggingu reiðstígs þ.e.a.s útlögn styrktarlags en viðkomandi reiðveganefnd um frágang slitlags telji hún þörf á því.

Leggja skal áherslu á öryggi allra vegfarenda og taka hliðsjón af ákvæðum um rýmisþörf, öryggissvæði vega og breidd reiðstíga sbr. kafla 6.1, 6.2 og 6.3.

4. grein

Kostnaður sem hlýst af gerð reiðfærrar leiðar með veginum greiðist af framkvæmdafé viðkomandi vegar. Viðhaldi þessara leiða skal sinnt af hestamannafélagi þess svæðis sem reiðleiðin liggur um, nema um annað sé samið. Viðhaldsfé reiðleiðarinnar er með framlögum af reiðvegafé LH, sveitarfélags, frjálsum fjárframlögum eða vinnuframlagi og tækjabúnaði félagsmanna.

Sé ekki hægt að koma reiðstíg fyrir innan vegsvæðis af einhverjum ástæðum skal leita sameiginlegra lausna vegna þessa. Vegagerðin kaupir ekki sérstaklega land undir reiðstíga sé ekki hægt að koma þeim fyrir innan vegsvæðis.

5. grein

Á hverju svæði Vegagerðarinnar starfa reiðveganefndir. Formenn þessara reiðveganefnda skipa Reiðvega- og samgöngunefnd LH. Skulu þeir ásamt fulltrúum Vegagerðarinnar skipa samstarfsnefnd í umdæminu, tveir frá hvorum aðila. Samstarfsnefndin leggur mat á þarfir framkvæmda við stígagerðina í samráði við viðkomandi sveitarfélag.

6. grein

Ágreiningur sem upp kann að koma innan samstarfsnefnda, er heimilt að vísa til forstjóra Vegagerðarinnar eða fulltrúa hans og stjórnar LH, sem ber að fjalla sameiginlega um ágreiningsmál og leita lausnar á þeim.

Samkomulag þetta kemur í stað eldra samkomulags Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins frá 7. maí 1982, sem fellur þá úr gildi.

Reykjavík 04.03.2022.

F.h. Vegagerðarinnar
Berþóra Þorkelsdóttir, forstj. Vg

F.h. Landssambands hestamannafélaga
Guðni Halldórsson, form. LH

Athugasemdir við skipulag

Dæmi um bréf hestamannafélags til sveitastjórnar vegna breytinga á aðalskipulagi.

*Hestamannafélagið Kargur
Hrakhólum 4
Hrakhólahreppi*

Hreppsnefnd Hrakhólahrepps

27. janúar 2004

Vegna tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins Hrakhólahrepps, sem nú liggur frammi, vill hestamannafélagið Kargur gera eftirfarandi athugasemdir:

1. FORNAR ÞJÓÐLEIÐIR

Um skipulagssvæðið liggja margar gamlar þjóðleiðir sem gangandi og ríðandi menn hafa farið öldum saman og fara enn þann dag í dag. Nýja skipulagstillagan virðist gefa til kynna, að koma eigi í veg fyrir umferð ríðandi manna um margar þessar fornu leiðir, þar sem þær eru merktar sem gönguleiðir/fornar þjóðleiðir.

Það er krafa hestamannafélagsins Kargs, að fornar þjóðleiðir í sveitarfélaginu verði merktar sem slíkar og opnar fyrir umferð bæði gangandi og ríðandi manna.

2. FRÁ KOTI AÐ AÐALBÓLI

Hestamannafélagið Kargur gerir athugasemd við að þjóðleiðin sem liggur frá Koti, fyrir ofan Hraundranga að Aðalbóli skuli eingöngu vera merkt sem gönguleið. Félagið undirstrikar að um er að ræða forna þjóðleið sem bæði gangandi og ríðandi fólk hefur notað um aldir.

3. REIÐLEIÐ MEÐ GAMLAVEGI

Hestamannafélagið Kargur gerir athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir reiðvegi með Gamlavegi. Félagið vekur athygli á að gert er ráð fyrir að lagt verði bundið slitlag á Gamlaveg á næsta ári og þá verður hann ónothæfur sem reiðvegur. Óskað er eftir því að reiðleið meðfram Gamlavegi verði sett inn á aðalskipulag.

4. UNDIRGÖNG NEÐAN STÓRUBREKKU

Hestamannafélagið óskar eftir að athugað verði hvort möguleiki sé á að gerð verði undirgöng neðan Stórubrekku þegar farið verður í breytingu á þjóðvegi nr. 1 en fjölfarin reiðleið fer yfir veginn á þessum stað.

5. HRINGLEIÐ Í DAL

Mikill áhugi er fyrir að bæta reiðleiðir hestamanna sem hafa aðsetur í hesthúsahverfinu á Völlum. Ósk er um að ná hringtengingu í dalnum. Þá er riðið yfir Kraká á móts við Hraun, inn með ánni í átt að Djúpadal en áður en komið er að mynni dalsins er beygt til vesturs og riðið aftur yfir Kraká, sjá nánar á meðfylgjandi teikningu.

Virðingarfyllst,
f.h. hestamannafélagsins Kargs

Dæmi um útboð**Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna**

Kópavogi 06. 08. 2002

Efni:*Reiðstígagerð tilboð*

Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu ásamt hestamannafélaginu Mána í Reykjanesbæ, mynda með sér sameiginlega reiðveganefnd, Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna, sem er skipuð einum fulltrúa frá hverju hinna sjö hestamannafélaga sem að þessu samstarfi standa. Umdæmi reiðveganefndarinnar nær frá Hvalfjarðarbotni að Reykjanestá og að sýslumörkum við Árnassýslu.

Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna leitar eftir tilboði í reiðstígagerð við Elliðavatn. Um er að ræða kafla sem er u.þ.b. 800 m og nær frá áningu við sunnanvert Elliðavatn við Vatnsvík og að Heiðmerkurhliði á línuvegi við Hríshól.

Breidd reiðstígsins skal vera 3 m, þykkt fyllingarefnis 40 cm og harpað yfirlag 10 cm og skal það efni vera með góðri bindingu, þannig að los verði ekki á yfirborði vegarins. Miðað við þessar forsendur er um að ræða 960 m³ af fyllingarefni og 240 m³ af hörpuðu yfirlagi. Búið er að hæla út fyrir reiðstígnum. Gera skal tilboð í lagningu reiðstígs á umræddum kafla, heildarverð, og einnig hvað hver rúmmetri kostar útlagður, af fyllingarefni annars vegar og af hörpuðu yfirlagi hinsvegar, því um getur verið að ræða viðbót, þ.e. styrking vega sem liggja að Hríshól. Þá skal getið um hvenær verk getur hafist og áætluð verklok.

Tilboðum skal skila til undirritaðs fyrir 15. ágúst nk.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar og er tilbúinn að fara á staðinn með viðkomandi eftir nánara samkomulagi.

Virðingarfyllst

f.h. Reiðveganefndar í Kjalarnesþingi hinu forna

formaður reiðveganefndar.

Dæmi um verksamning

Kópavogi 10. 09. 2002

Verksamningur

Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna kt: xxxxxx-xxxx hér eftir nefnt verkkaupi, og Urð og Sandur ehf. kt: xxxxxx-xxxx hér eftir nefnt verksali gera með sér eftirfarandi verksamning um reiðstígagerð.

Samningurinn byggir á tilboði sem verksali gerði verkkaupa, og er að mati verkkaupa hagstæðasta tilboðið sem barst í verkið.

Um er að ræða lagningu 0,8 km. reiðstígs, þéttbýlisleið, á verndarsvæði vatnsbóla, leyfi skipulags- og heilbrigðisyfirvalda til reiðstígagerðar liggja fyrir, hlíta skal reglum heilbrigðisyfirvalda við framkvæmd verksins og er verksala kunnugt um þær.

Samkvæmt útboðsgögnum þá er um að ræða 800 m langan reiðstíg frá Elliðavatni og að Hríshól, breidd reiðstígsins skal vera 3,0 m þykkt fyllingarefni 0,4 m og yfirborðsefni 0,1 m. Að þessum forsendum gefnum þá er um að ræða 960 m³ af fyllingarefni og 240 m³ af yfirborðsefni.

Tilboð verksala er svohljóðandi: fylling kr. 940,- pr. m³ af útlögðu efni og yfirborð kr. 1.700,- pr. m³ af útlögðu efni. Heildarverð í verkið er kr. 1.450.000,- „einmilljón fjögurhundruð og fimmtíu þúsund“ og er þá undirbúningur vegstæðis í þeirri upphæð.

Verkið skal unnið í október 2002, áætlaður verktími er tvær vikur og háður því að veðurfarslegar ástæður hamli ekki við framkvæmd verksins.

Verkkaupi og verksali eru ásáttir um að það efni sem nota skal komi úr námum við Bolöldu og að yfirborðsefnið sé sérstök reiðstígablenda sem þar er unnin.

Verkkaupi áskilur sér allan rétt til eftirlits með framkvæmdum, meðan á þeim stendur og við verklok.

Verkaupi ábyrgist að greiðslur fyrir verkið berist verksala í einu lagi innan tíu daga frá verklokum.

Þessu til staðfestingar ritum við nöfn okkar hér undir.

Verkkaupi:

Verksali:

Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna

Urð og Sandur ehf.

Umsóknir um reiðstígafer - reiknivél

Reiknivél á excel formi til að áætla kostnað til reiðstígaframkvæmda er að finna undir Reiðvega umsóknir / Leiðbeingar á [Kortasjá LH](#)

Í hægri dálk er dæmi úr reiknivélinni en eftirfarandi eru sýnd dæmi um tvö mismunandi verkefni úr excel skjalinu:

Reiðvegur númer	R106.29	R106.27
Reiðstígarheiti, verkefni	Köldukvíslar leið	Æsustaðafjall norður
Skýringar	1)	2)
Lengd km	0,65	1,90
Breidd m	4,0	2,0
Malarpúði þykkt m	0,30	0,20
Malarefni kr/m ³	4.000	4.000
Malarpúði kr/m í veg	5.160	1.760
Yfirlag þykkt m	0,15	
Mulningur kr/m ³	5.500	
Yfirlag kr/m í veg	3.300	0
Ræsi stk	1	
Ræsi kr/stk	250.000	
Ræsi í veghluta alls	250.000	0
Undir- búningur	250.000	300.000
Girðing lengd m	1300	
Girðing kr/m	1.000	
Girðing alls	1.300.000	
Hliðgrindur alls	100.000	
Annað	250.000	400.000
Kostnaður á veghluta	7.649.000	4.044.000
Meðal-kostn/m	11.768	2.128

Skýringar við einstaka liði eftir atvikum.

- 1) Reiðstígur með Köldukvísl. Undirbúningur: grjóthreinsun í vegstæði. Girðing með reiðstíg báðu megin og tvö hlið. Annað: heflun á reiðstíg.
- 2) Reiðstígur með Æsustaðavegi. Undirbúningur: grjóthreinsun í vegstæði. Útbúin reiðstígur á vegöxl með malarfyllingu, yfirborð unnið með steinbrjót.

Reiknivél - áætlaður kostnaður reiðvegaframkvæmda Hestamannafélagið : "sýnishorn"

dags :

Reiðvegur númer	Reiðveganheiti verkefni	Skýr	Lengd km	Breidd m	Malarpúði þykkt m	Malarefni í kr/m ³	Malarpúði kr/m í veg	Yfirlag þykkt m	Mulningur kr/m ³	Yfirlag kr/m í veg	Ræsi stk	Ræsi kr/stk	Ræsi í veghluta alls	Undir- búningur	Girðing lengd m	Girðing kr/m	Girðing alls	Hliðgrindur alls	Annað	Kostnaður á veghluta	Meðal-kostn/m	
R106.29	Köldukvíslarleið	1	0,65	4,0	0,30	4.000	5.160	0,15	5.500	3.300	1	250.000	250.000	250.000	1300	1.000	1.300.000	100.000	250.000	7.649.000	11.768	
R106.27	Æsustaðafjall norður	2	1,90	2,0	0,20	4.000	1.760			0			0	300.000					400.000	4.044.000	2.128	
R11.06	Skammaðalsvegur	3	0,95	4,0	0,40	4.000	7.040	0,15	5.500	3.300	2	250.000	500.000	400.000						10.723.000	11.267	
R11.03	Óskotsvegur	4	1,15	4,0				0,20	5.500	4.400			0	400.000					400.000	5.960.000	5.096	
		5								0			0							0	#DIV/0!	
		6								0			0							0	#DIV/0!	
		7								0			0							0	#DIV/0!	
		8								0			0							0	#DIV/0!	
		9								0			0							0	#DIV/0!	
		10								0			0							0	#DIV/0!	
		11								0			0							0	#DIV/0!	
		12								0			0							0	#DIV/0!	
		13								0			0							0	#DIV/0!	
		14								0			0							0	#DIV/0!	
Samtals																					26.276.000	

Skýringar við umsóknir um reiðstígafé

Umsókn um reiðstígafé er ekki tekin fyrir nema að viðkomandi reiðstígur sé á staðfestu skipulagi

Uppbygging:

- Gerð A,** Heilsársvegur með mikla umferð (hesthúshverfi - þéttbýli).
- Gerð B,** Heilsársvegur með litla umferð og sumarleiðir.
- Gerð C,** Rudd og grjóthreinsuð leið með 5 - 30 cm. malarlagi
- Gerð D,** Slóð eða vegir þar sem ekki er þörf ofaniburðar, undirstaðan burðarhæf, en hugsanlega að hreinsa burt fyrirstöður

Núverandi staða:

- R1,** Reiðstígur amk. 2,5 m breiður, ber þunga, slétt yfirborð.
- R2,** Reiðstígur amk. 2,5 m breiður, ber þunga, óslétt yfirborð.
- R3,** Reiðstígur amk. 2,5 m breiður, ber lítið, óslétt yfirborð.
- L1,** Slóð, greið og hindranalaus leið, slétt yfirborð.
- L2,** Slóð, greið og hindranalaus leið, óslétt yfirborð.
- L3,** Slóð, ekki greið, opið, slæmt yfirborð.
- LX,** Ætlað ríðandi umferð en hindrun á leiðinni.
- XX,** Enginn reiðstígur, en ráðgerður samkvæmt skipulagi.

Vegflokkur:

- Þ,** Þéttbýlisleið, leiðir í nágrenni við þéttbýli og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Einnig leiðir á milli hesthúshverfa.
- S,** Stofnleiðir, aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga, tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hinsvegar. Aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.
- H,** Héraðsleiðir, tengingar á milli bæja og fornar leiðir, sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.

Ætlaður kostnaður:

Allur kostnaður við reiðstíginn, þ.e. burðar- og yfirlag reiðstígsins, ræsi, girðingar ef þarf, öll vinna við útlagningu efnis, ræsi, girðingar og vélavinna.

Mótframlag:

Mótframlag getur verið t.d. fjárframlag sveitarfélags, Vegagerðar, eða annara aðila. Vinna félagsmanna eða annara sjálfboðaliða, frí afnot af tækjum eða vélum. Framlag í formi efnis eða lands undir reiðveg.

Hestamannafélag:

Gleymid ekki að skrá á umsóknarblöðin nafn þess hestamannafélags sem sækir um, reiðstígaféð, einnig ártöl.

Framkvæmdaskýrsla – skilagrein í Kortasjá

Við lok framkvæmda eða við áramót skal fylla út skilagrein, um yfirlit kostnaðar, í [Kortasjá LH](#)

Blað 1 **Reiðstígaframkvæmdir**
Hestamannafélagið :

Reiðvegur númer	Reiðvegur heiti verkefni	Upphafspu nktur framkv. heiti	Endapunkt ur framkv. heiti	Skýr	Lengd km	Kostnaður framlag frá LH	Kostnaður framlag frá sveitarféla gi	Kostnaður annað	Kostnaður á veghluta	Meðal- kostn/m
				1					0	#DIV/0!
				2					0	#DIV/0!
				3					0	#DIV/0!
				4					0	#DIV/0!
				5					0	#DIV/0!
				6					0	#DIV/0!
				7					0	#DIV/0!
				8					0	#DIV/0!
				9					0	#DIV/0!
				10					0	#DIV/0!
				11					0	#DIV/0!
				12					0	#DIV/0!
				13					0	#DIV/0!
				14					0	#DIV/0!
Samtals					0,00	0	0	0	0	#DIV/0!

Skýringar á reiðvegaframkvæmdum síðasta árs

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5

ATHUGASEMDIR

Hefti þetta er gefið út sem netútgáfa á rafrænu formi sem hægt er að nálgast á heimasíðu LH og Vegagerðarinnar. Reiknað er með að netútgáfan verði endurskoðuð og endurbætt eftir því sem þörf þykir. Vinsamlegast sendið því athugasemdir, leiðréttingar eða tillögur að því hvað betur megi fara, til skrifstofu LH.

Landssamband hestamannafélaga
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
104 Reykjavík

Sími 514 4030
Fax 514 4031
Netfang lh@isisport.is

Hægt er að nálgast þetta hefti á heimasíðu LH, slóðin er www.lhhestar.is og heimasíðu Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is

Tilvísanir

REIÐVEGIR, gerð og uppbygging, leiðbeingar 1. útgáfa janúar 2006
Vegagerðin og Landsamband hestamannafélaga

REIÐVEGIR, gerð og uppbygging, leiðbeingar, kynningarútgáfa mars 2003
Vegagerðin og Landsamband hestamannafélaga

Nefndarálit og greinargerð reiðveganefndar dags. 04.02. 1999

Árið 1998 skipaði samgönguráðherra, Halldór Blöndal, nefnd sem fjalla skyldi um reiðvegamál. Nefndinni var ætlað það verkefni að skýra og endurskoða reglur um reiðvegi. Nefndin var þannig skipuð:
Jón Rögnvaldsson, aðstoðarvegamálastjóri, formaður, skipaður af samgönguráðherra.
Ragnar Frank Kristjánsson, þjóðgarðsvörður, tilnefndur af Náttúruvernd ríkisins,
Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri, tilnefndur af umhverfisráðuneyti,
Baldvin Kr. Baldvinsson, bóndi, Torfunesi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands,
Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt, tilnefnd af Landssambandi hestamannafélaga og
Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
Með nefndinni starfaði sem ritari hennar Stefán Erlendsson, forstöðumaður lögfræði- og starfsmannadeildar Vegagerðarinnar.

Niðurstöður nefndar um reiðleiðir á miðhálandi Íslands 29. september 1998

Í framhaldi af stefnumótun samgönguráðuneytis í ferðamálum skipaði samgönguráðherra, Halldór Blöndal, nefnd þann 29. september 1998 til að gera tillögur um uppbyggingu áningarstaða og skiptihólfa, safna og skrá upplýsingar um fornar og nýjar reiðleiðir o.fl. á miðhálandi Íslands. Nefndin var þannig skipuð:
Baldvins Kr. Baldvinssonar, bóndi, Torfunesi formaður nefndarinnar.
Andrés Arnalds frá Landgræðslunni, Birgir Sigurjónsson frá Landssambandi hestamannafélaga, Einar Bollason frá Ferðaþjónustunni, Ragnar Frank Kristjánsson frá Náttúruvernd ríkisins og Guðmundur Arason frá Vegagerð ríkisins.
Rúnar Guðjónsson í samgönguráðuneyti var nefndinni til aðstoðar.